

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr. 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. C99:08

Samanburður lífskjara á Íslandi og í Danmörku

Skýrsla til Verzlunarmannafélags Reykjavíkur

Október 1999

Formáli

Á vormánuðum 1999 fór Verzlunarmannafélag Reykjavíkur þess á leit við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að vinna að skýrslu um samanburð á lífskjörum milli Íslands og Danmerkur.

Í skýrslunni er leitast við að gefa sem besta sýn á lífskjör landanna beggja, en ljóst var frá upphafi að um umfangsmikið verk var að ræða þar sem einskorða þyrfti sig við ákveðna þætti. Athyglinni er að miklu leyti beint að vinnumarkaðinum, þ.e. hvernig launamyndun er í löndunum tveimur og við hvaða launakjör mismunandi atvinnustéttir búa við. Einnig eru ýmsar tilfærslur og þjóðhagsstærðir milli Íslands og Danmerkur bornar saman.

Skýrslan er unnin af Mörtu Guðrúnu Skúladóttir sérfræðingi á Hagfræðistofnun HÍ en 5. og 6. kafli eru unnar af Eddu Rós Karlsdóttur hagfræðingi Alþýðusambands Íslands.

Hagfræðistofnun í október 1999

Tryggvi Pór Herbertsson
Tryggvi Pór Herbertsson
forstöðumaður

Efnisyfirlit

Formáli	1
Efnisyfirlit	2
Töflulisti.....	4
Myndalisti	5
Ágrip	6
English Summary.....	8
Inngangur	9
1. Samanburður á skráðu gengi og jafnvirðisgengi.....	10
2. Samanburður á ýmsum þjóðhagsstærðum á Íslandi og í Danmörku.....	11
2.1 Verg landsframleiðsla á mann	11
2.2 Verg landsframleiðsla á vinnustund	12
2.3 Einkaneysla og skuldir heimilanna.....	13
2.4 Ýmsir aðrir lífskjaramælikvarðar	14
3. Uppbygging vinnumarkaðarins á Íslandi og í Danmörku	17
3.1 Atvinnupáttaka.....	17
3.1.1 Atvinnupáttaka karla og kvenna	17
3.1.2 Starfandi fólk eftir atvinnugreinum	18
3.2 Vinnutími á Íslandi og í Danmörku.....	18
4. Mikilvægi þjónustugreina á Íslandi og í Danmörku.....	20
4.1 Hlutur þjónustugreina í vergri landsframleiðslu.....	20
4.2 Atvinnupáttaka í þjónustugreinum	22
5. Danska kjarasamningsmódelið.....	25
5.1 Rammasamningurinn.....	25
5.2 Samningur um samvinnu	26
5.3 Réttarfarsreglur á vinnumarkaði.....	27
5.4 Gerð kjarasamninga.....	29
5.4.1 Miðstýring og dreifstýring við kjarasamningsgerð.....	29
5.4.2 Skipulag danskra verslunarmanna	30
5.4.3 Hlutverk samtakanna við kjarasamningsgerð verslunarmanna í Danmörku	32
5.5 Launakerfi á dönskum vinnumarkaði	33
6. Samanburður launakjara á Íslandi og í Danmörku.....	37
6.1 Þróun launakjara	37
6.2 Samanburður á launum einstakra þjónustugreina á Íslandi og í Danmörku..	39
6.3 Laun sérfræðinga	42

7.	Tilfærslukerfi á Íslandi og í Danmörku.....	43
7.1	Tölulegar upplýsingar um félagslega aðstoð	43
7.2	Tilfærslukerfi á Íslandi og í Danmörku í meginindráttum.....	46
7.2.1	Barnabætur, barnalífeyrir og meðlagsgreiðslur	47
7.2.2	Fæðingarorlof.....	49
7.2.3	Vaxtabætur.....	50
7.2.4	Húsaleigubætur	51
7.2.5	Atvinnuleysisbætur	52
7.2.6	Lífeyrissjóðir.....	54
7.3	Dæmi um heildartekjur hjóna með tvö börn.....	58
8.	Búferlaflutningar sem mælikvarði á hlutfallsleg lífskjör	59
9.	Lokaorð	61
	Heimildaskrá.....	63

Töflulisti

Tafla 2.1 Ýmsir lífsmælikvarðar.....	15
Tafla-3.1 Vikulegur meðalfjöldi vinnustunda fólks í fullu starfi, skipt eftir atvinnugreinum.....	19
Tafla 5.1 Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði í Danmörku 1952-1998	30
Tafla 5.2 Launakerfi á samningssviði danska Alþýðusambandsins og danska Vinnuveitendasambandsins.....	33
Tafla 6.1 Samanburður á lágmarkslaunum í VR og HK árin 1996 og 1999, í íslenskum krónum á verðlagi hvors síns árs.....	38
Tafla 6.2 Samanburður á launum í þjónustugreinum á Íslandi og í Danmörku árið 1998.....	39
Tafla 7.1 Barnabætur á ári	47
Tafla 7.2 Mæðralaun/ feðralaun á ári.....	48
Tafla 7.3 Meðlagsgreiðslur	49
Tafla 7.4 Greiðslur vegna fæðingarorlofs	50
Tafla 7.5 Húsaleigubætur	52
Tafla 7.6 Atvinnuleysisbætur á dag	53
Tafla 7.7 Dæmi um heildartekur íslenskra og danskra hjóna, miðað við meðalgengi 98 og jafnvirðisgengi.....	58

Myndalisti

Mynd 2.1 Verg landsframleiðsla á mann á Norðurlöndunum árin 1990-97, miðað við jafnvirðisgengi gjaldmiðla.....	11
Mynd 2.2 Verg landsframleiðsla á vinnustund árið 1998, mælt í krónum miðað við jafnvirðisgengi.....	12
Mynd 2.3 Samanburður á einkaneyslu á mann mælt í evrum, miðað við jafnvirðisgengi gjaldmiðla.....	13
Mynd 2.4 Samanburður á þróun einkaneyslu og skuldum heimilanna á Íslandi og í Danmörku árin 1992-1998	14
Mynd 2.5 Lífslíkur nýfæddra barna á Norðurlöndunum	16
Mynd 3.1 Atvinnuþátttaka karla og kvenna á Norðurlöndunum árið 1997	17
Mynd 3.2 Hlutfallsleg atvinnuþátttaka eftir atvinnugreinum árið 1997	18
Mynd 4.1 Hlutur þjónustugreina í VLF árin 1986 og 1996.....	20
Mynd 4.2 Hlutur verslunar- og veitingareksturs í VLF árin 1986 og 1996.....	21
Mynd 4.3 Hlutur einstakra þjónustugreina í VLF árið 1996	21
Mynd 4.4 Hlutur atvinnuþátttöku í þjónustugreinum árin 1986 og 1996	22
Mynd 4.5 Hlutur atvinnuþátttöku í verslunar- og veitingarekstri árin 1986 og 1996.	23
Mynd 4.6 Hlutur atvinnuþátttöku í einstökum þjónustugreinum árið 1996	23
Mynd 6.1 Hækkun tímakaups í iðnaði á Íslandi og í Danmörku árin 1980-99	37
Mynd 6.2 Þróun kaupmáttar á Íslandi og í Danmörku árin 1980-99	38
Mynd 7.1 Hlutfall einstaklinga er nutu félagslegrar aðstoðar á Norðurlöndunum árið 1996.....	43
Mynd 7.2 Hlutfall einstaklinga er nutu félagslegrar aðstoðar á Íslandi og í Danmörku árin 1990 og 1996.....	44
Mynd 7.3 Hlutfall fjölskyldna og einstæðra mæðra sem þáðu félagslega aðstoð í Danmörku og Íslandi, skipt eftir heimilum með eða án barna árið 1996.....	44
Mynd 7.4 Árlegar meðalgreiðslur barnabóta á barn árið 1996 mælt með jafnvirðisgengi.....	45
Mynd 7.5 Vikulegar atvinnuleysisbætur í desember 1996, mælt með jafnvirðisgengi	46
Mynd 8.1 Samanburður á meðallaunum VR-fólks, nauðsynlegum launum og búferlaflutningum milli Íslands og Danmerkur.....	60

Ágrip

Í þessari skýrslu eru borin saman lífskjör á Íslandi og í Danmörku, þar sem sérstaklega verður litið á launakjör á meðal verslunar- og skrifstofufólks í löndunum tveimur. Greiningin felst í yfirliti yfir ýmsa almenna lífsgæðamælikvarða, beinum samanburði á launakjörum, samanburði á tilfærslukerfum landanna og mati á ákvörðunarvöldum fólksflutninga á milli landanna tveggja.

Samanburður á lífskjörum milli landa er alltaf bundinn mikilli óvissu, enda er að mörgu leyti um huglægt mat að ræða. Auðvelt er að henda reiður á krónum og aurum, en erfiðara að leggja mat á lífsgæði sem felast í frítíma, gæði þjónustu og aðgengi hennar. Þetta verður að hafa í huga þegar niðurstöður eru túlkaðar.

- Samanburður á VLF milli Íslands og Danmerkur leiðir í ljós að VLF á mann hefur verið hærri hér á landi en í Danmörku á undanförnum árum. Hins vegar er VLF á vinnustund lægri en í Danmörku, sem gefur til kynna að Íslendingar þurfa að vinna lengur til að afla sömu tekna og Danir. Einkaneysla Íslendinga er einnig meiri en Dana. Íslendingar eru langlífari en Danir og ungbarnadauði er fátiðari hér á landi en í Danmörku.
- Þróun almenns kaupmáttar hefur verið sveiflukennd hér á landi síðastliðna two áratugi en kaupmáttur í Danmörku hefur aukist nokkuð stöðugt á tímabilinu. Frá árinu 1995 hefur aukning kaupmáttar ráðstöfunartekna hér á landi verið mun meiri en í Danmörku. Þessi kaupmáttaraukning kemur meðal annars fram í því að kaupmáttur ráðstöfunartekna þeirra félagsmanna VR sem eru á lágmarkslaunum hefur aukist um 7,4% frá árinu 1996 til 1999, á sama tíma og kaupmáttur ráðstöfunartekna félagsmanna í Landssambandi danskra verslunarmanna (HK) hefur aukist um 3,8%.
- Kaupmáttaraukningin hér á landi kemur skýrt fram þegar ráðstöfunartekjur starfsfólks í þjónustugreinum eru bornar saman á milli Íslands og Danmerkur. Í flestum þeim greinum sem bornar eru saman eru ráðstöfunartekjurnar nú hærri hér á landi en í Danmörku. Hins vegar ber að vekja athygli á að þegar dagvinnulaun fyrir frádráttarliði eru borin saman milli landanna snýr dæmið öðruvísí við.
- Algengara er að bætur séu tekjutengdar og skattskyldar á Íslandi en í Danmörku. Þegar bótaupphæðir eru bornar saman milli landanna eru þær ýmist hærri hér á landi eða í Danmörku. Dæmi sem tekið er af dæmigerðum hjónum í löndunum tveimur sem eiga tvö börn og greiða af húsnæðislánum sýnir að ráðstöfunartekjur íslensku hjónanna eru litlu hærri en þeirra dönsku, þó svo að mánaðartekjur

dönsku hjónanna séu hærri. Rétt er að benda á að skattbyrði er mjög mismunandi milli landanna og hærri tekjuskattur dregur úr kaupmætti ráðstöfunartekna í Danmörku. Í skýrslunni er einungis skoðuð áhrif millifærsluhluta velferðarkerfisins og ekki kannað sérstaklega hvort hærri skattgreiðslur skili sér til baka í ódýrari eða betri velferðarþjónustu, en það myndi astur bæta stöðu danskra fjölskyldna.

- Tölfræðilegir útreikningar á ákvörðunarvöldum búferlaflutninga á milli Íslands og Danmerkur bendir til þess að lífskjör á meðal félagsmanna VR hafi dregist aftur úr lífskjörum í Danmörku á árunum 1991-1995 en hafi síðan batnað þannig að nú séu lífskjör á Íslandi ekki síðri en þau sem vænta má í Danmörku.

English Summary

This report compares living standards between Iceland and Denmark with special emphasis on white-collar employees in the service sector (members of the VR union in Iceland and the HK union in Denmark).

Adjusting for purchasing-power parity, Iceland's GDP per capita has exceeded that of Denmark in recent years. However, GDP per working hour is lower in Iceland. The difference implies longer working hours in Iceland. The difference in GDP per capita is reflected in a higher private consumption per capita in Iceland. Iceland also fares well in terms of life expectancy and infant-mortality figures.

Real wages in Iceland have traditionally been more volatile, recent years being no exception. Real wages among members of Iceland's VR union remained stagnant in the first half of this decade – and lagged behind those found in Denmark – but have increased since 1995 at a rate which exceeds that of members of the HK union in Denmark. Real wages for the lowest-paid members of VR have increased by about 7.6% from 1996 to 1999 while the comparable figure for their Danish counterparts (HK) was 3.8%.

Adjusting for differences in price levels, (total) real wages appear now to be higher in Iceland (VR) in most industries.

There are substantial differences across the countries in tax rates and the welfare system. An example of a couple with two children paying mortgages suggests that the system of taxes and transfers in Denmark yields a lower net-of-taxes income despite a higher gross income.

Inngangur

Kjör verslunarfólks hafa batnað mikið á undanförnum þemur til fjórum árum vegna mikilla launahækkana. Kjarabatinn kom í kjölfar margra ára stöðnunar þegar raunvirði launa hélt næstum óbreytt allt frá árunum 1991-1992. Markmið þessarar skýrslu er að kanna hvort kjarabætur verslunarfólks á höfuðborgarsvæðinu hafa skilað sambærilegum lífskjörum og við nágrannalönd okkar, nánar tiltekið Danmörku.

Lífskjör starfsstéttá ákvarðast af samspili margra þáttu. Fyrst ber að nefna framleiðni vinnuafls. Þeim mun meiri sem afköst eru og því verðmætari sem endanleg afurð er, þeim mun betri launakjör, að öðru jöfnu. Það fer síðan eftir samningsstyrk verkalyðshreyfingar og atvinnurekenda hvernig rentan skiptist á milli þeirra. Sterk verkalyðsfélög geta fengið hlutdeild í fákeppnishagnaði atvinnurekenda. Hér á landi er mikil fákeppni á vinnumarkaði og því mikilvægt að verkalyðsfélög séu virk. Fákeppni á vörumarkaði veldur einnig hærra vöruberði en slíkt dregur úr lífskjörum allra stéttu.

Að auki skiptir miklu máli hvernig efnahagsstjórn er hagað. Tollar á innflutning og innflutningshöft draga úr lífskjörum í gegnum hærra vöruberð. Styrkir til óarðbærra atvinnugreina kalla á skattheimtu sem einnig lækkar lífskjör almennings. Hallarekstur ríkissjóðs bætir lífskjör til skamms tíma þar sem skattar eru lægri en búast má við í framtíð en draga úr lífskjörum til lengri tíma litið. Skipting ríkisútgjalda í samneyslu og opinbera fjárfestingu er enn fremur mikilvægt. Því hærri hluti sem fer í samneyslu, því betri eru lífskjörin, allavega til skamms tíma. Tekjutilfærslur bæta kjör ákveðinna hópa beint. Ríkisafskipti af einstökum atvinnugreinum, reglur og önnur afskipti geta dregið úr hagkvæmni, framleiðni og lífskjörum.

Í skýrslunni mun fyrst verða litið á almenna velferðarmælikvarða til þess að kanna lífskjaramun á milli Íslands og Danmerkur. Síðan verður hugað að mikilvægi þjónustugreina á Íslandi og í Danmörku. Þar á eftir er litið á uppbyggingu vinnumarkaðar þar sem meðal annars verður náið farið ofan í danska kjarasamningsmódelið. Samanburður á launakjörum starfsgreina innan þjónustugeirans fylgir. Síðan verða bornar saman ýmsar tilfærslur svo sem barnabætur, atvinnuleysisbætur og fleira. Að lokum verður litið á tíðni búferlaflutninga Íslendinga á milli landanna tveggja og tölfraðilegt líkan metið til þess að reikna hversu há laun þurfa að vera hér á landi til þess að nettóbrottflutningur fólks til Danmerkur sé enginn. Þannig er unnt að reikna hver laun í þjónustu þyrstu að vera hér á landi til þess að lífskjör væru sambærileg við það sem búast má við í Danmörku.

1. Samanburður á skráðu gengi og jafnvirðisgengi

Þegar fjárhæðir í mismunandi gjaldmiðlum eru bornar saman þarf að ígrunda vel þann umbreytingarstuðul sem notaður er. Oft er stuðst við skráð gengi þegar slíkar fjárhæðir eru bornar saman, en slíkur samanburður getur gefið ranga mynd af verðlagi og þar með kaupmætti. Skráð gengi ákvarðast að mörgu leyi af ríkjandi vaxtamun og fjármagnshreyfingum og ekki einungis af verðlagi á vörum og þjónustu.

Til að koma í veg fyrir þessa villu hefur verið þróað svokallað jafnvirðisgengi (*purchasing power parity, PPP*). Jafnvirðisgengið miðar að því að skrá fjárhæðir í sambærilegan gjaldmiðil þannig að kaupmátturinn er sá sami. Jafnvirðisgengið er fundið út með því að finna verðhlutfall milli fjölda sambærilegra vörutegunda. Ef ákveðinni peningaupphæð er breytt í ólíka gjaldmiðla með jafnvirðisgenginu fæst sama vörukarfan í viðkomandi löndum. Jafnvirðisgengið leiðréttir því fyrir mismun á verðlagi milli landa og tryggir um leið sama kaupmátt milli landa.


Í þessari skýrslu verður stuðst við jafnvirðisgengi fremur en skráð gengi þegar ráðstöfunartekjur eru bornar saman. Í flestum tilvikum er stuðst við jafnvirðisgengi vergrar landsframleiðslu nema þegar ráðstöfunartekjur og bætur eru bornar saman. Í slíkum tilvikum er stuðst við jafnvirðisgengi sem reiknað er út frá einkaneyslu.¹ Ástæða þess að stuðst er við þess konar jafnvirðisgengi er sú að Íslendingar og Danir greiða að miklu leyti fyrir samneyslu með sköttum, s.s. ýmsa opinbera þjónustu, heilsugæslu, menntun o.fl. Ráðstöfunartekjum þeirra er því að mestu leyti varið í einkaneyslu, s.s. mat- og drykkjarvöru, fatnað, tómstundaiðkun, ferðalög og samgöngur og annað þess háttar. Við samanburð launa eru dagvinnu- og heildarlaun ávallt sýnd miðað við skráð gengi, sömuleiðis frádráttarliðir eins og skattar og lífeyrissjóðsframlag. Ráðstöfunartekjur eru eins og áður segir miðaðar við jafnvirðisgengi.

¹ Notast er við jafnvirðisgengi einkaneyslu frá 1996. Gert er ráð fyrir að hlutfallslegt verðlag hafi haldist óbreytt frá þessu ári. Ástæða þess að stuðst er við jafnvirðisgengi frá 1996 er sú að nýrti mælikvarðar hafa ekki verið gefnir út.

2. Samanburður á ýmsum þjóðhagsstærðum á Íslandi og í Danmörku

2.1 Verg landsframleiðsla á mann

Flestir eru sammála um að verg landsframleiðsla (VLF) á hvern landsmann gefi best til kynna hvaða lífsgæði landsmenn njóta. Líklegt er að þar sem VLF á mann er tiltölulega há sé velferðarkerfið gott, til dæmis heilbrigðisþjónustan og menntakerfið. Þar af leiði séu lífsgæði manna betri í löndum þar sem VLF á mann er hærri en í löndum þar sem hún er lág.



Heimild: *Statistics Sweden (1999)*

Mynd 2.1 *Verg landsframleiðsla á mann á Norðurlöndunum árin 1990-97, miðað við jafnvirðisgengi gjaldmiðla*


Við samanburð á þróun vergrar landsframleiðslu á mann á Norðurlöndunum á árunum 1990-97 kemur í ljós að VLF á mann var hæst í Noregi á tímabilinu, eins og mynd 2.1 sýnir, og Ísland fylgir þar á eftir. VLF á mann hefur verið næsthæst hér á landi af hinum Norðurlöndunum á árunum 1990-97, þó að undanskildu árinu 1994 þegar VLF á mann var hærri í Danmörku en hér á landi, en VLF á mann í Danmörku var þriðja hæst á áratugnum á Norðurlöndunum á þessu tímabili. VLF á mann var næstlægst í Svíþjóð en á tímabilinu hafa Svíar verið að dragast aftur úr flestum hinum Norðurlöndunum. Finnar eru þó lægri en þar hefur VLF á mann verið lægst á tímabilinu, að meðaltali hefur VLF á mann í Finnlandi verið 23,3% lægri en í Noregi.

Þegar tölur um verga landsframleiðslu á mann á Íslandi og í Danmörku eru bornar nánar saman kemur í ljós að VLF á mann var að meðaltali 6,4% hærri hér á landi en í Danmörku á árunum 1990-97. Í upphafi tímabilsins árið 1990 var VLF á mann 16,4% hærri hér á landi en í Danmörku en árið 1997 var munurinn minni eða 4,6%. Tölurnar um VLF á mann gefa því til kynna að lífskjör Íslendinga hafi verið betri en Dana á tíunda áratugnum þótt munurinn hafi farið minnkandi með árunum.

2.2 Verg landsframleiðsla á vinnustund

Unnt er að nota ýmsa aðra almenna lífskjaramælikvarða, til dæmis er hægt að athuga hver verg landsframleiðsla er á hverja vinnustund.

Á mynd 2.2 er sýnd verg landsframleiðsla á vinnustund árið 1998 á Norðurlöndunum þar sem verg landsframleiðsla í löndunum hefur verið umreiknuð í íslenskar krónur með því að nota jafnvirðisgengi.




Heimild: *Samtök iðnaðarins (1999)*

Mynd 2.2 *Verg landsframleiðsla á vinnustund árið 1998, mælt í krónum miðað við jafnvirðisgengi*

Þar sést að landsframleiðsla á hverja vinnustund er lægri hér á landi en í flestum hinum Norðurlöndunum. Aðeins í Svíþjóð er landsframleiðslan lægri á hverja vinnustund en hér á landi en þar er VLF á vinnustund 97,6% af VLF á vinnustund hér á landi. Hins vegar er VLF á vinnustund bæði í Danmörku og Noregi rúmlega 10% hærri en hér á landi. Þetta gefur til kynna að við þurfum að vinna lengur en flestar hinir Norðurlandabjóðirnar til að afla sömu tekna. Hærri VLF á íbúa á Íslandi bendir því til þess að vinnutími hér sé all nokkuð lengri en á hinum Norðurlöndunum.

2.3 Einkaneysla og skuldir heimilanna

Neysla heimilanna á mann gefur enn eina vísbendingu um lífskjör. Á mynd 2.3 er borin saman einkaneysla á Íslandi annars vegar og í Danmörku hins vegar, þar sem einkaneyslan er umreiknuð í evrur með jafnvirðisgengi. Myndin sýnir að einkaneysla á mann hefur á 10. áratugnum verið heldur meiri hér á landi en í Danmörku. Árið 1990 var einkaneysla heimilanna á Íslandi 10.700 evrur en í Danmörku 7.600 evrur, þ.e. einkaneysla var 40% meiri hér á landi en í Danmörku árið 1990. Munurinn dróst heldur saman fram til ársins 1994, þegar einkaneysla var 10,5% hærri hér á landi en í Danmörku. En árið 1998 hafði munur milli einkaneyslu hér á landi og í Danmörku aukist og var orðinn rúm 34% það ár.




Heimild: *Statistics Sweden (1999)* og *Bjóðhagsstofnun(1998)*

Mynd 2.3 Samanburður á einkaneyslu á mann mælt í evrum, miðað við jafnvirðisgengi gjaldmiðla

Í framhaldi af athugun á þróun einkaneyslu er áhugavert að líta á samband neyslu og skulda heimilanna í löndunum tveimur.

Á mynd 2.4 er sýnd þróun einkaneyslu og skulda heimilanna á Íslandi og í Danmörku árin 1992 til 1998.²

² Innifalið í skuldum íslenskra heimila eru skuldir einstaklinga í banka-, húsnæðisláanasjóða-, námlánakerfinu o.fl. Skuldir dönsku heimilanna ná yfir skuldir einstaklinga í bankakerfinu auk húsnæðislána. (Ekki reyndist unnt að afla gagna um skuldir heimilanna í Danmörku frá árunum 1990 og 1991).



Heimild: *Statistics Sweden (1999)*, *Þjóðhagsstofnun og Danmarks Nationalbank (1999)*

Mynd 2.4 Samanburður á þróun einkaneyslu og skuldum heimilanna á Íslandi og í Danmörku árin 1992-1998

Á myndinni sést ólíkt samband neyslu og skulda í löndunum tveimur. Hér á landi hafa skuldir heimilanna vaxið mun hraðar en einkaneysla á þessu 7 ára tímabili. Í Danmörku er annað uppi á teningnum þar var vöxtur í einkaneyslu meiri en skulda á árunum 1992 til 1996, en eftir það hefur þróunin snúið við, þó ekki í líkingu við þróunina á Íslandi. Þessar niðurstöður benda til þess að stærri hluti einkaneyslu hafi verið fjármagnaður með skuldasöfnun á Íslandi á tímabilinu.

2.4 Ýmsir aðrir lífskjaramælikvarðar

Heilbrigðistölur svo sem ungbarnadauði, fjöldi lækna og lífslíkur gefa vísbendingu um lífskjör og gæði heilbrigðisþjónustu. Einnig gefa upplýsingar um bifreiðaeign og aðra tækjanotkun vísbendinu um lífskjör.

Í töflu 2.1 hér að neðan eru gefnar upp tölur frá Norðurlöndunum sem gefa ákveðna vísbendingu um hver lífsgæði í viðkomandi löndum. Flestar tölurnar eru frá árinu 1996, en aðrar eru frá árunum 1993-1995.

Tafla 2.1 *Ýmsir lífsmælikvarðar*


	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð
Læknar á 1.000 íbúa	3,0	2,9	2,8	2,3	2,7
Ungbarnadauði á 1.000 fæðingar	4,8	5,4	4,6	5,1	4,8
Einkabifreiðar á 1.000 íbúa	435	312	367	375	404
Símar á 1.000 íbúa	544	589	544	542	678
Sjónvörp á 1.000 íbúa	319	537	505	424	469
Einkatöljur á 1.000 íbúa	356	349	354	363	353
Farsímar á 1.000 íbúa	240	275	456	384	358

Heimild: *Þjóðhagsstofnun* (1998), *Statistics Sweden* (1999) og *OECD*

Á viðmiðunarárinu voru læknar á Íslandi fleiri á hvern íbúa en á hinum Norðurlöndunum eða 3,0 læknar á hverja 1.000 íbúa hér á landi. Danmörk fylgir fast á eftir, en þar voru 2,9 læknar á hverja 1.000 íbúa á viðmiðunarárinu. Samkvæmt töflunni er ungþarnadauði lægstur í Finnlandi, þar dóu 4,6 börn af hverjum 1.000 innan eins árs aldurs. Hér á landi og í Svíþjóð er ungþarnadauði næstlægstur á Norðurlöndunum en 4,8 ungbörn af hverjum 1.000 dóu í þessum löndum. Í Danmörku er hins vegar ungþarnadauði mestur á Norðurlöndunum. Þar dóu 5,4 börn af hverjum 1.000 börnum innan eins árs frá fæðingu eða 17,4% fleiri en í Finnlandi og 12,5% fleiri en hér á landi.

Þegar litið er á ýmsar eignir Norðurlandabúa kemur í ljós að á Íslandi eru flestar einkabifreiðar á hvern landsmann en fæstar í Danmörku. Hér á landi voru 435 einkabifreiðar á hverja 1.000 íbúa á viðmiðunarárinu en bifreiðaeign Dana var tæplega 30% minni eða 312 bifreiðar á hverja 1.000 íbúa. Á hinn bóginн er síma- og farsímaeign Íslendinga í lægri kantinum í samanburði við hin Norðurlöndin.

Á mynd 2.5 eru sýndar ævilíkur nýfædds barns á Norðurlöndunum.



Heimild: *Statistics Sweden (1999)*

Mynd 2.5 *Lifslíkur nýfæddra barna á Norðurlöndunum*

Myndin sýnir að ævilíkur nýfædds barns eru mestar í Svíþjöld. Nýfætt stúlkubarn í Svíþjöld gat búist við að verða 81,5 ára og nýfæddur drengur 76,5 ára á viðmiðunarárinu 1996. Norskar konur eru næstlanglífastar af kynsystrum sínum á Norðurlöndunum. Íslenskar konur fylgja þeim en meðalævilengd þeirra var 80,6 ár árið 1996. Hins vegar eru íslenskir karlmenn næstlanglífastir af kynbraeðrum sínum á Norðurlöndunum, nýfæddur drengur gat búist við að verða 76,2 ára á viðmiðunarárinu. Áberandi er að Danir hafa að meðaltali stysta ævilengd miðað við hin Norðurlöndin, en nýfædd dönsk stúlka getur búist við að verða 78,0 ára gömul og nýfæddur danskur drengur 72,9 ára gamall.


Þegar þessar tölur frá Norðurlöndunum um hina ýmsu lífsmælikvarða eru skoðaðar í samhengi virðist ekkert benda til þess að lífskjör séu afgerandi betri í einu landinu fremur en öðru. Þó má segja þegar Ísland og Danmörk eru sérstaklega borin saman að tölurnar séu íslendingum í hag.

3. Uppbygging vinnumarkaðarins á Íslandi og í Danmörku

3.1 Atvinnupáttaka³

3.1.1 Atvinnupáttaka karla og kvenna

Atvinnupáttaka kvenna er einna hæst á Norðurlöndunum og hefur hlutur þeirra á vinnumarkaðnum farið vaxandi á síðastliðnum áratugum, sem reyndar er raunin í flestum öðrum ríkjum heims.




Heimild: *Statistics Sweden (1999)*

Mynd 3.1 Atvinnupáttaka karla og kvenna á Norðurlöndunum árið 1997

Atvinnupáttaka karla og kvenna er hæst á Íslandi miðað við hin Norðurlöndin eins og mynd 3.1 sýnir. Árið 1997 var atvinnupáttaka íslenskra karla 89,4% og kvenna 81,1%. Í Danmörku er næstmeista atvinnupáttakan á Norðurlöndunum, þar var atvinnupáttaka karla 85,7% og kvenna 75,4% á sama ári.

³ Atvinnupáttaka reiknast sem hlutfall þeirra sem eru á vinnumarkaði og þeirra sem eru á vinnufærum aldi.

3.1.2 Starfandi fólk eftir atvinnugreinum



Heimild: *Statistics Sweden (1999)*

Mynd 3.2 *Hlutfallsleg atvinnupátttaka eftir atvinnugreinum árið 1997*

Starfandi fólk er flest í þjónustugreinum hér á landi sem og á hinum Norðurlöndunum en hlutur þjónustugreina hefur farið vaxandi á undanförnum áratugum. Á Íslandi var hlutfall starfandi fólks í þjónustugreinum 32,5% árið 1997. Í Danmörku er hlutfallið í þjónustugreinum nokkuð hærra eða 35,7%. Í báðum löndunum var hlutfall starfandi fólks í iöngreinum 18,5% árið 1997. Fast á eftir fylgir verslunar-, hótel- og veitingahúsarekstur, 17,2% af heildarfjölda starfandi fólks á Íslandi var í þeirri atvinnugrein árið 1997 og 17,8% í Danmörku.

Í 5. kafla verður vikið nánar að skiptingu atvinnupátttöku eftir atvinnugreinum í löndunum tveimur.

3.2 Vinnutími á Íslandi og í Danmörku

Samkvæmt íslenskum lögum er vinnuvikuskylda 40 klukkustundir fyrir dagvinnu og kveða flestir kjarasamningar á um þá dagvinnuskyldu. Einhverjar undantekningar eru þó frá þessu, sem dæmi má nefna að nágildandi kjarasamningur á milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins annars vegar og Landssambands íslenskra verslunarmanna og Verslunarmannafélags Reykjavíkur hins vegar kveður á um að dagvinnutími skrifstofu- og sölumanna sé 38 klukkustundir á viku eða tveimur tínum skemri en vanalegt er.

Í Danmörku er hins vegar dagvinnuskyldan 37 klukkustundir á viku og er því vinnuvikan þremur klukkustundum styttri í Danmörku en á Íslandi.

Hér verður þó að taka tillit til þess að samkvæmt flestum íslenskum kjarasamningum fær starfsfólk greitt fyrir kaffítíma sem flest dansk starfsfólk fær ekki. Misjafnt er hversu langir umsamdir kaffítimar eru, t.d. fær skrifstofufólk greitt fyrir 15 mínútna langan kaffítíma, kaffítimi afgreiðslufólks er 35 mínútur en hafnarverkamenn og fiskvinnslufólk fær lengstan kaffítíma eða 40 mínútur. Raunverulega unnar dagvinnuvinnustundir Íslendinga liggja því að þessu frádregnu nokkurn veginn á bilinu 36 klukkustundir og 40 mínútur til 37 klukkustundir og 5 mínútur á viku. Á þessu er ljóst að ekki er mikill munur á raunverulega unnum dagvinnustundum samkvæmt kjarasamningum sem gilda á Íslandi og í Danmörku. Hins vegar er ljóst að Íslendingar vinna meiri yfirvinnu en Danir.

Í töflu 3.1 er borinn saman meðalfjöldi vikulegra vinnustunda fólks í fullu starfi skipt eftir atvinnugreinum í löndunum tveimur.

Tafla 3.1 *Vikulegur meðalfjöldi vinnustunda fólks í fullu starfi, skipt eftir atvinnugreinum.*

	Ísland	Danmörk
Landbúnaður og fiskveiðar	55,7	41,6
Iðnaður	48,5	38,1
Verslun- og viðgerðarþjónusta	48,6	38,7
Hótel- og veitingahúsarekstur	51,0	38,4
Samgöngur og flutningar	52,3	41,3
Fjármálaþjónusta	43,4	39,0
Fasteignarekstur og þjónusta	48,0	39,7
Opinber stjórnsýsla	52,7	38,0
Önnur þjónusta	44,9	37,8
<i>Alls</i>	<i>49,4</i>	<i>38,8</i>

Heimild: *Eurostat og Hagstofa Íslands*

Á töflunni hér að ofan má sjá að Íslendingar vinna lengur en Danir. Íslendingar vinna að meðaltali 49,5 vinnustundir á viku en Danir 38,8 stundir á viku. Hinn dæmigerði Íslendingur vinnur því 9,5 klukkustundir umfram lögbundnar dagvinnustundir á meðan Meðal-Daninn vinnur 1,8 klukkustund umfram dagvinnuskylduna. Vinnustundafjöldi Íslendinga er fleiri en Dana í flestum atvinnugreinum.

Sumarfrí Íslendinga og Dana er áþekkt. Algengast er að fólk fái um fimm vikna frí á ári hverju í þessum tveimur löndum. Fjöldi rúmhelgra daga er einnig áþekkur í löndunum, en á ári hverju eru 10-11 rúmhelgir dagar á Íslandi og í Danmörku.


4. Mikilvægi þjónustugreina á Íslandi og í Danmörku

Í þessum kafla verður gert nánar grein fyrir þætti þjónustugreina í vergri landsframleiðslu annars vegar og atvinnupáttöku hins vegar á Íslandi og í Danmörku.

4.1 Hlutur þjónustugreina í vergri landsframleiðslu

Athyglisvert er að skoða hvað framlag þjónustugreina er í vergri landsframleiðslu í löndunum tveimur.


Mynd 4.1 sýnir hvernig hlutur þjónustugreina í vergri landsframleiðslu (VLF) hefur breyst frá árinu 1986 til ársins 1996. Framlag þjónustugreina til VLF er nú meiri en það var á síðasta áratugi í báðum löndum. Aukningin var mun meiri hér á landi en í Danmörku. Á þessu tíu ára tímabili jókst hlutur framlags þjónustugreina í VLF um tæp 20% á Íslandi og 4,3% í Danmörku. Prátt fyrir þessa miklu aukningu hlutar þjónustugreina á Íslandi er hann enn minni en í Danmörku. Árið 1996 var hlutur þjónustugreina á Íslandi í VLF 50% en 60% í Danmörku.



Heimild: *OECD (1998)*

Mynd 4.1 Hlutur þjónustugreina í VLF árin 1986 og 1996


Þegar litið er sérstaklega á hlut verslunar- og veitingareksturs í VLF sést að hann jókst um 18,6% á Íslandi eða úr 8,6% árið 1986 í 10,2% árið 1996, eins og sést á mynd 4.2. Hins vegar minnkaði hlutur verslunar- og veitingareksturs í Danmörku á þessum árum úr 13,3% árið 1986 í 11,5% árið 1996 sem er lækkun sem nemur 13,5%.



Heimild: *OECD (1998)*

Mynd 4.2 *Hlutur verslunar- og veitingareksturs í VLF árin 1986 og 1996*

Á mynd 4.3 er að lokum sýndur samanburður á hlut einstakra þjónustugreina í VLF á Íslandi og í Danmörku. Hér sést að í öllum greinunum er framlag þeirra til VLF meira í Danmörku en á Íslandi. Munurinn er mestur í opinberri stjórnsýslu en í Danmörku er hlutur þeirrar þjónustugreinarar 19% en tæplega 14% á Íslandi.



Heimild: *OECD (1998)*


Mynd 4.3 *Hlutur einstakra þjónustugreina í VLF árið 1996*

Það er ljóst að þjónustugreinar skipa stærri sess í landsframleiðslu Dana en Íslendinga. Aukning hlutar þjónustugreina í VLF hefur þó verið meiri hér á landi en í Danmörku á undanförnum árum.

4.2 Atvinnupátttaka í þjónustugreinum

Hér er litið á atvinnupátttöku í þjónustugreinum og breytingar frá árinu 1986 til 1996.

Á mynd 4.4 sjást breytingar á atvinnupátttöku í þjónustugreinum á Íslandi og í Danmörku milli áranna 1986 og 1996.




Heimild: *OECD (1998)*

Mynd 4.4 Hlutur atvinnupátttöku í þjónustugreinum árin 1986 og 1996

Atvinnupátttaka í þjónustugreinum er tæpum fimm prósentustigum hærri í Danmörku en á Íslandi. Atvinnupátttaka í þjónustugeiranum hefur aukist í báðum löndunum, en aukningin var nokkuð meiri á Íslandi á þessum áratug en í Danmörku, eða tæp 12% á Íslandi samanborið við um 5,5% aukningu í Danmörku.


Ef hlutur atvinnupátttöku í verslunar- og veitingarekstri er athugaður sérstaklega kemur í ljós að atvinnupátttaka í þeim geira þjónustu er litlu meiri á Íslandi en í Danmörku, eins og sést á mynd 4.5.



Heimild: *OECD (1998)*

Mynd 4.5 Hlutur atvinnuþáttöku í verslunar- og veitingarekstri árin 1986 og 1996

Árið 1996 vann 14,6% af starfandi fólki á Íslandi í verslunar- og veitingarekstri en 13,4% í Danmörku. Á milli áranna 1986 og 1996 jókst hlutur atvinnuþáttöku í verslunar- og veitingarekstri um 1,5% í Danmörku en hins vegar minnkaði atvinnuþáttakan um tæp 5% á Íslandi.



Heimild: *OECD (1998)*

Mynd 4.6 Hlutur atvinnuþáttöku í einstökum þjónustugreinum árið 1996

Þegar litið er á atvinnuþáttöku í einstökum þjónustugreinum (mynd 4.6) kemur í ljós að atvinnuþáttakan er meiri á Íslandi en í Danmörku í verslunar- og veitingarekstri og

í ýmissi þjónustu eins og áður hefur komið fram, en í öðrum þjónustugreinum, þ.e. samgöngugeiranum, fjármálaþjónustu og opinberri stjórnsýslu er atvinnuþátttakan meiri í Danmörku en á Íslandi.

Þegar framlag þjónustugreina til vergar landsframleiðslu og skipting atvinnuþátttöku eftir þjónustugreinum hefur verið skoðuð er áhugavert er bera þessar tvo þætti saman.

Það ætti ekki að koma á óvart að framleiðni vinnuafsls í flestum þjónustugreinum er hærri í Danmörku en á Íslandi, þar sem framlag þeirra til vergrar landsframleiðslu var mun meira í Danmörku en hér á landi. Framleiðni Íslendinga er þó meiri í fjármálaþjónustu og hjá hinu opinbera.⁴

⁴ Ekki verður fjallað ítarlegra um framleiðni í þessari skýrslu, en áhugasönum er bent á framleiðniskýrslur sem Hagfræðistofnun HÍ hefur unnið fyrir Verzlunarmannafélag Reykjavíkur (Gauti B. Eggertsson et al., 1997 og Ingjaldur Hannibalsson og Jón Óskar Þorsteinsson, 1999).

5. Danska kjarasamningsmódelið

Fyrirkomulag við kjarasamningsgerð í Danmörku er nokkuð frábrugðið því fyrirkomulagi sem tíðkast hér á landi. Mismunurinn liggur fyrst og fremst í ólíkum hefðum, en til grundvallar þeim hefðum liggja lög og reglur sem gilda um samskipti aðila vinnumarkaðarins og um réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda.

Samskiptareglurnar á dönskum vinnumarkaði eru að stærstum hluta ákvarðaðar í samningum á milli aðila vinnumarkaðarins. Þetta veitir Danmörku mjög mikla sérstöðu á meðal þjóðanna og er í raun hornsteinn „danska módel eins“. Löggjöf um vinnumarkaðinn fjallar annars vegar um réttarfarsreglur, þar sem kveðið er á um hvernig fara skuli með ágreining um túlkun og brot á kjarasamningi. Hins vegar er löggjöf sem tekur til ýmissa félagslegra réttinda, eins og orlofs, atvinnuleysistrygginga, starfsmenntunar o.fl.

Mikilvægasti samningurinn um samskiptareglur er hinn svonefndi „Rammasamningur“ (*Hovedaftale*) sem var fyrst gerður milli Danska Alþýðusambandsins (*LO*) og Vinnuveitendasambands Danmerkur (*DA*) árið 1899 og hefur verið endurnýjaður nokkrum sinnum, síðast árið 1992. Auk Rammasamningsins hafa verið gerðir fleiri samningar um sérstök atriði. Mikilvægstur þeirra er „Samningur um samráð“ (*Samarbejds aftalen*).

5.1 Rammasamningurinn

Í Rammasamningnum hafa aðilar vinnumarkaðarins komist að samkomulagi um margt sem bundið er í löggjöf í öðrum löndum, þar á meðal á Íslandi. Heildarsamtökin geta sagt samningnum upp með sex mánaðar fyrirvara, en í samningnum er kveðið á um að hann skuli gilda á meðan ekki hefur náðst samkomulag um nýjan samning. Hér verður fjallað stuttlega um helstu atriði Rammasamningsins.⁵

- Það mikilvægasta í samningnum er án efa friðarskyldan. Aðilar hafa skuldbundið sig til að fara ekki í verkfall og setja ekki á verkbann, á meðan kjarasamningur er í gildi á viðkomandi samningssvæði. Samkvæmt þessu geta vinnudeildur því einungis orðið í tengslum við kjarasamningsviðræður. Undantekning frá friðarskyldu er ef kjarasamningur kveður á um að brot á samningi leyfi vinnudeilur.

⁵ Umfjöllunin um samninga á milli aðila vinnumarkaðarins byggir á Brüniche-Olsen (1998).

- Í samningnum er kveðið á um rétt atvinnurekanda til að stjórna og skipuleggja vinnuna. Atvinnurekandi skal stjórna í samvinnu við starfsmenn sína og trúnaðarmenn í samræmi við kjarasamninga.⁶
- Kveðið er á um uppsagnir einstakra starfsmanna.⁷ Þessar reglur eru ekki víðtækar, en kveða á um að hafi starfsmaður verið lengur en níu mánuði í starfi geti hann krafist skriflegs rökstuðnings fyrir uppsögn. Einnig er hægt að krefjast viðræðna um óréttmæta uppsögn og jafnvel vísa henni til nefndar á vegum heildarsamtakanna. Athygli vekur að ekkert er kveðið á um uppsagnarfresti og stór hluti verkafólks í Danmörku hefur einungis nokkurra vikna uppsagnarfrest, þrátt fyrir langt starf hjá sama atvinnurekanda. Að þessu leyti eru réttindi danskars verkafólks töluvert lakari en þess íslenska. Þetta á þó ekki við um skrifstofu- og verslunarfolk, en um það gilda sérstök lög, funktionærloven, sem kveða á um þriggja mánaðar uppsagnarfrest.
- Kveðið er á um að kjarasamningum megi segi ekki segja upp með skemMRI fresti en þremur mánuði og að kjarasamningur gildi þar til annar hefur verið gerður.
- Kveðið er á um að í kjarasamningi skuli settar sérstakar reglur um trúnaðarmenn.
- Kveðið er á um að aðilar megi ekki standa í vegi fyrir því að launafólk og atvinnurekendur stofni með sér samtök innan heildarsamtakanna.

Eins og áður hefur komið fram voru það danska Alþýðusambandið og danska Vinnuveitendasambandið sem gerðu Rammasamninginn, en samningurinn skuldbindur einnig öll aðildarfélög samtakanna. Önnur samtök hafa einnig gert sambærilega Rammasamninga, þar á meðal hið opinbera og stéttarfélög opinberra starfsmanna.

5.2 Samningur um samvinnu

Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið hafa gert samninga um ýmis sértæk atriði. Þeirra mikilvægastur er Samningur um samráð, en honum fylgir einnig svokallað tæknisamkomulag (*teknologiaftale*).

Samningurinn kveður á um að setja skuli á fót samstarfsráð starfsmanna og stjórnenda í fyrirtækjum með 35 starfsmenn eða fleiri, ef annar aðilinn óskar eftir. Tilgangurinn með samstarfsráðum er að starfsmenn geti komið að ákvörðunum um

⁶ §4 í Rammasamningnum.

⁷ Sérstök lög gilda um hópuppsagnir (lög nr. 414/1994 “Lov om varsling m.v. i forbindelse med afskedigelser af større omfang”). Þau lög hafa það fram yfir íslensk lög um hópuppsagnir, að í þeim eru refsiákvæði, ef atvinnurekandi virðir ekki reglur um hópuppsagnir.

vinnufyrirkomulag og starfsmannastefnu (meðákvörðunarréttur) og geti haft áhrif á skipulag framleiðslu og hugsanlegar rekstrarbreytingar (samráðsréttur). Í samstarfsráðum ber atvinnurekenda einnig að upplýsa starfsmenn um fjárhagsstöðu fyrirtækisins og um það, hvernig fyrirtækið hyggst standa að innleiðingu nýrrar tækni.

5.3 Réttarfarsreglur á vinnumarkaði

Í upphafi aldarinnar gerðu aðilar vinnumarkaðarins með sér samkomulag um meðferð vinnudeilna. Í framhaldi af því voru sett lög um túlkun kjarasamninga og meðferð ágreinings. Sérstakar stofnanir starfa í samræmi við lögini, t.d. Ríkissáttasemjari (endurnýjun samninga), félagsdómur (ágreiningur) og faglegur gerðardómur (túlkun).

Hér verður gerð stutt grein fyrir meðferð ágreiningsmála, þ.s. þetta ferli hefur áhrif á það hvernig launamaðurinn og verkalyðsfélag hans geta fylgt eftir ákvæðum í lágmarkslaunasamningum og samningum án launataxta. Einnig verður gerð grein fyrir heimildum ríkissáttasemjara til að bera fram sáttatillögur.

Til að byrja með eru ágreiningsmál alltaf rædd á fyrirtækjagrundvelli. Fyrst reyna starfsmenn og stjórnendur fyrirtækisins að ná samkomulagi. Ef það tekst ekki eru viðkomandi hagsmunasamtök kölluð til og haldinn sáttafundur í fyrirtækinu. Næsta skref felst í því að hagsmunasamtökin funda saman og ef ekki næst samkomulag milli þeirra er málið sent í faglegan gerðardóm. Gerðardómur úrskurðar um túlkun samningsins og eru úrskurðir hans endanlegir og bindandi.

Embætti sáttasemjara er mjög valdamikið í Danmörku og voru dönsku lögini um sáttasemjara í mörgu fyrirmynnd þeirra íslensku. Þó er töluverður munur á milli landanna, enda er vald danska sáttasemjarans mjög mikið á alþjóðlegan mælikvarða.

Oftast kemur sáttasemjari að kjarasamningsviðræðum í Danmörku. Báðir eða annar samningsaðila geta óskað eftir aðkomu sáttasemjara, en sáttasemjari sjálfur getur einnig boðað menn á fund til sín, ef hann telur þess þurfa. Þegar málið er komið til sáttasemjara, ræður hann miklu um framhaldið. Samningsaðilar geta t.d. ekki slitið viðræðum, nema með samþykki sáttasemjara.


Sáttasemjara er heimilt að leggja fram sameiginlega sáttatillögu fyrir marga aðila. Þetta hefur mikil áhrif á atferli samningsaðila og algengt er að atvinnurekendur fresti undirskrift samninga og óski eftir aðkomu sáttasemjara, jafnvel þótt þeir hafi náð samkomulagi við stéttarfélögini um endurnýjun kjarasamnings. Þetta er gert til þess að samningurinn geti orðið hluti af sameiginlegri sáttatillögu sem nær til margra stéttarfélaga. Samningurinn getur því orðið til þess að „leysa“ vandamál á öðrum og erfiðari samningssviðum. Sameiginleg sáttatillaga nær nefnilega ekki bara til þeirra

sem eru ósáttir, heldur einnig til þeirra sem hafa náð sáttum, ef þeir hafa ekki undirritað samninginn. Hefð er fyrir því að ef aðilar hafa náð samningsniðurstöðu með aðkomu sáttasemjara, þá samþykki þeir að samningurinn renni inn í sameiginlega sáttatillögu.

Ýmis skilyrði og reglur gilda um atkvæðagreiðslu vegna sáttatillagna. Ef kosningabátttaka hjá stéttarfélögnum er yfir 40% þá gildir einfaldur meirihluti. Ef kosningabátttaka er undir 40% þá þarf a.m.k. 25% af félagsmönnum að kjósa „nei“ til að tillöggunni sé hafnað.

Það sem þó er mikilvægara er að atkvæðagreiðsla um sáttatillögu er sameiginleg fyrir öll þau stéttarfélög og landssambond sem sáttasemjari ákveður að binda saman í sameiginlega sáttatillögu. Yfirleitt nær slík tillaga yfir allt samningssvið Alþýðussambandsins (*LO*) og Vinnuveitendasambandsins (*DA*). Sáttatillagan stendur síðan og fellur með heildarniðurstöðunni. Ef verslunarmenn eru t.d. óánægðir með þann hluta sáttatillögunar sem snýr að þeim og meirihluti verslunarmanna kýs „nei“, telst sáttatillagan samþykkt ef meirihluti allra stéttarfélaganna er sáttur og kýs „já“.

Ef sáttatillaga er felld kemur til vinnudeilu. Löng hefð er fyrir inngrípi danskra stjórnvalda í vinnudeilur og hefur oft reynt á danska kjarasamningsmódelið vegna slíkra inngrípa. Þetta hefur einnig áhrif á atferli sammingsaðila, sem geta í ákveðnum tilvikum haft hag af því að spila inn á inngríp ríkisvaldsins og keyra málin í verkföll. Þetta á bæði við um atvinnurekendur og verkalýðshreyfinguna.



Mynd 5.1 *Sáttasemjari og algengt ferli samningaviðræðna*

5.4 Gerð kjarasamninga

Í Danmörku er hefð fyrir því að kjarasamningar séu gerðir til tveggja ára. Árið 1987 var þó samið til fjögurra ára, með endurskoðunarákvæði vegna launaliðarins á miðju samningstímabili og árið 1995 varð misgengi í gildistíma kjarasamninga, þegar samtök starfsmanna og atvinnurekenda í iðnaði gerðu ein þriggja ára samning. Við kjarasamningana 1997 gerðu félög á almennum markaði eins árs samning og við það er aftur kominn taktur í kjarasamningaviðræður. Hið opinbera og fjármálageirinn semur einnig annað hvort ár, en vegna misgengisins 1995 og 1997 eru þeir á ójöfnum ártolum (1999 og 2001), en almenni markaðurinn á jöfnum ártolum (2000 og 2002).

5.4.1 Miðstýring og dreifstýring við kjarasamningsgerð

Á síðasta áratug hefur dreifstýring kjarasamningsgerðar aukist mjög í Danmörku. Miðstýrð kjarasamningsgerð milli heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda var síðast árið 1985, en nú eru kjarasamningar fyrst og fremst gerðir á atvinnugreinagrunni. Samtök launafólks með félagsmenn í viðkomandi atvinnugrein semja þá við atvinnurekendur í sömu atvinnugrein og gildir kjarasamningurinn fyrir landið allt.

Þrátt fyrir að kjarasamningar séu gerðir á atvinnugreinagrunni og einstaklingsbundin launamyndun hafi aukist, er danska kjarasamningsmódelið yfirleitt talið fremur miðstýrt í alþjóðlegum samanburði. Þetta er fyrst og fremst vegna þess að samhæfing er mikil í danska kjarasamningsmódelinu, þó að formleg miðstýring sé ekki fyrir hendi. Þetta er stundum kallað óformleg miðstýring.

Sú staðreynd að flestir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru gerðir á sama tíma og eru með sama gildistíma býður upp á mikla samhæfingu bæði milli samtaka launafólks og atvinnurekenda. Við þetta eykst samræmi í launamynduninni, sem aftur er með til að viðhalda launahlutföllum á vinnumarkaði. Vinnumarkaðssérfræðingar hafa bent á að þetta geti dregið úr hreifanleika fólks milli starfa og átt þátt í kerfislægu atvinnuleysi. Í raun er með þessu verið að benda á að laun í ákveðnum stéttum séu of há og önnur of lág.⁸ Á móti kemur að samhæfing við kjarasamningsgerð eykur líkurnar á að aðilar vinnumarkaðarins hugi að hagsmunum heildarinnar með því að taki tillit til aðstæðna í þjóðfélagit (atvinnustigs, afkomu og samkeppnishæfni atvinnulífsins, verðbólgu o.fl.). Samhæfing getur einnig skilað árangri í sameiginlegum baráttumálum fyrir styttingu vinnutíma (1987), uppbyggingu

⁸ Atvinnurekendur gagnrýna í þessu sambandi einnig háar atvinnuleysisbætur (sjá t.d. DA, 1998). Verkalýðshreyfingin litur hins vegar á atvinnleysistryggingakerfið sem hornstein danska módelins og forsenduna fyrir þeim sveigjanleika sem er á dönskum vinnumarkaði.

lífeyrisstjóðanna (1991) og eflingu starfsmenntunar. Í þessum mikilvægu málaflokkum hafa aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld átt þríhliða viðræður.

Miðstýringin kemur best fram í því að fyrstu kjarasamningar sem gerðir eru gefa oftast tóninn fyrir alla þá sem á eftir koma. Algengast er samningar takist á öllum svíðum, flijtlega eftir undirritun fyrsta samningsins. Hér hefur vald sáttasemjara til að keðja aðila saman í eina sáttatillögu afgerandi þýðingu. Um þetta var fjallað í kaflanum um réttarfarsreglur á vinnumarkaði.

Tafla 5.1 *Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði í Danmörku 1952-1998*

	Gerð kjarasamnings Miðstýrðir samningar milli DA og LO	Dreifstýrðir samningar	Vinnudeila	Lausn vinnudeilu Breytt sáttatillaga	Lög
1952		•			
1954		•			
1956	•		•		•
1958		•			
1961	•		•	•	
1963	•		•		•
1965	•				
1967	•				
1969	•				
1971	•				
1973	•		•	•	
1975	•		•		•
1977	•		•		•
1979	•		•		•
1981		•			
1983	•				
1985	•		•		
1987		•			
1989		•			
1991		•			
1993		•			
1995		•			
1997		•			
1998		•	•		•

Heimild: DA (1999).

5.4.2 Skipulag danskra verslunarmanna

Skipulag dönsku verkalýðshreyfingarinnar er að mörgu leyti svipað skipulagi íslensku verkalýðshreyfingarinnar og byggir á faghópum. Byggingaverkamenn eru í samtökum byggingaverkamanna og iðnlærðir byggingamenn í samtökum iðnlærðra.

Síðustu áratugi hefur verið mikil umræða og deilur um skipulagsmál danska Alþýðusambandsins. Hafa menn leitað leiða til að aðlaga skipulagið að breyttu skipulagi á vinnumarkaði. Nú hafa verið mynduð sex sambönd sem kallast kartel til hliðar við það skipulag sem fyrir er. Kartelin sex eru fyrir starfsmenn í (1) iðnaði, (2) verslun, samgöngum og þjónustu, (3) byggingariðnaði, (4) prentiðnaði og fjöldun, (5) ríkisstarfsmenn og (6) starfsmenn sveitarfélaga. Kartelin eru hugsuð sem samstarfsvertvangur stéttarfélagana í kjarasamningsviðræðum við atvinnurekendur í viðkomandi atvinnugreinum. Iðnaðarkartelið hefur náð mestum árangri og gerir nú samning við Samtök iðnaðarins fyrir starfsmenn í iðnaði.

Landssamband danskra verslunarmana heitir HK-Danmörk. HK stendur fyrir "Handel og kontor" sem þýðir einfaldlega "Verslun og skrifstofa". HK í Danmörku er með 355 þúsund félagsmenn. Landssambandinu er skipt niður í fimm sjálfstæð atvinnugreinasambönd í takt við áðurnefnda kartel skiptingu og er HK-verslun (HK-handel) það stærsta með tæplega 100 þúsund félagsmenn. Samböndin og félagsmannafjöldi þeirra er:

HK-verslun	100 þús.
HK-þjónusta	100 þús.
HK-iðnaður	50 þús.
HK-sveitarfélög	70 þús.
HK-ríki	40 þús.

Atvinnugreinasamböndin eru í raun landssambönd innan landssambandsins og eru mjög sjálfstæð frá heildarlandssambandinu. Þau halda eigin þing, eru með stjórnir og skrifstofur. Það vekur athygli Íslendinga að skrifstofufólk hjá ríki og sveitarfélögum eru meðlimir HK, eins og skrifstofufólk á almennum markaði. Þetta er engu að síður staðreynd.

Innan HK eru síðan félög og klúbbar um land allt, sem þjóna hagsmunum ákveðinna hópa. Þetta eru t.d. klúbbar starfsfólks sem starfar hjá stórum fyrirtækjum (t.d. Hagkaups-klúbbur, eða Sjóvá-Almennar kúbbur), eða sem er í sérhæfðum störfum (t.d. tölvutæknar eða læknaritarar).

Félögin út um landið eru alls 43, þar af er HK-Kaupmannahöfn stærsta félagið. Búið að deildarskipta 23 HK-félögunum eftir svipaðri atvinnugreinaskiptingu og talin var upp áðan, en stærri félögin eru með nákvæmari skiptingu. Þau félög sem enn eru ekki deildarskipt eru flest mjög lítil og nú er verið að reyna að sameina þau, þannig að félagsmenn þeirra geti notið kosta deildarskiptingarinnar.

HK-Kaupmannahöfn er skipt upp í átta deildir. Þær eru taldar upp hér fyrir neðan, ásamt félagafjölda og atvinnugreinasambandi:

Þjónusta	20 þús	HK-þjónusta
Ríki	18 þús	HK-ríki
Kaupmannahafnarborg	13 þús	HK-sveitarfélög
Smásala, verslun, lager	12 þús	HK-verslun
Verslun	10 þús	HK-verslun
Skrifstofa	7 þús	HK-þjónusta
Framleiðsla	7 þús	HK-iðnaður
Iðnaður	6 þús	HK-iðnaður

5.4.3 Hlutverk samtakanna við kjarasamningsgerð verslunarmanna í Danmörku

Heildarsamtökin og landssambönd hafa litlu formlegu hlutverki að gegna við samningaviðræðurnar. *Danska Alþýðusambandið* hefur, skv. lögum sambandsins, umboð til að gera samninga við heildarsamtök atvinnurekenda um mál sem snerta allt launafólk, eins og vinnutíma, samráð í fyrirtækjum o.fl. en samningsumboð vegna launkjara og sértækra atriða liggja hjá aðildarfélögum.

Hlutverk Alþýðusbandsins í kjarasamningsviðraðum er fyrst og fremst að samhæfa og veita upplýsingar. Á vettvangi Alþýðusbandsins ræða landssamböndin um efnahagsástandið og svigrúm til launahækkana. Í miðstjórninni sitja þeir sem fara með samningsumboð á mikilvægustu kjarasamningssviðunum og þar ræða menn um hver verði rauði þráður samninganna. Aðilar eru þó ekki bundnir af því sem fjallað er um í miðstjórn. Alþýðusambandið heldur reglulega fundi með formönnum samninganefnda sambandanna til að menn geti skipst á upplýsingum og skoðunum og samræmt aðgerðir. Sambandið kemur fram fyrir hönd hreyfingarinnar gagnvart stjórnvöldum, þar sem þurfa þykir.

Landssamband verslunarmanna, HK-Danmörk, hefur ekki samningsumboð fyrir verslunarmenn, en gegnir samhæfingarhlutverki. Umboðið liggar úti í avinnugreinasamböndunum sem gera bæði landssamninga og fyrirtækjasamninga. Stærsta atvinnugreinasambandið, HK-verslun, er með alls 13 landssamninga við ýmis atvinnugreinasamtök og svo 1.600 samninga við fyrirtæki sem ekki eru í samtökum atvinnurekenda og eru með útibú um land allt. HK-Danmörk þarf formlega að að samþykja þá samninga sem atvinnugreinasamböndin gera og er þetta nánast formsatriði.

Atvinnugreinasamböndin vinna ýmist sjálf að gerð kjarasamninga eða innan áðurnefndra kartela. Iðnaðarkartelið gerir t.d. sjálft kjarasamninga í umboði aðildarfélaga sinna. Önnur kartel eru ekki eins sterk og mynda fyrst og fremst vettvang samvinnu og samhæfingar.

Félögin um land allt gera fyrirtækjasamninga við staðbundin fyrirtæki sem ekki eru í samtökum atvinnurekenda. Félögin aðstoða einnig trúnaðarmenn og einstaklinga við að gera samninga sem byggja á landssamningum úti í fyrirtækjunum.

5.5 Launakerfi á dönskum vinnumarkaði

Í Danmörku eru aðallega notuð þrjú launakerfi, kauptaxalaunakerfi (*normalløn*), lágmarkslaunakerfi (*minimalløn*) og lágmarksgreiðslulaunakerfi (*mindstebetaling*). Í dag virka þau tvö síðarnefndu meira og minna eins og er því fjallað um þau sem eitt launakerfi hér, undir nafninu lágmarkslaunakerfi. Við þetta bætist að margir kjarasamningar eru án kauptaxta og ýmis framleiðnihvetjandi kerfi.

Þróun útbreiðslu hinna mismunandi launakerfa endurspeglar aukna dreifstýringu launamyndunar á dönskum vinnumarkaði. Á síðustu 10 árum hefur lágmarkslaunasamningum og kjarasamningum án kauptaxta fjölgað, en kauptaxasamningum fækkað. Ástæða þessa er m.a. óskin um sveigjanlegri launamyndun. Í þessum kjarasamningum er gert ráð fyrir að starfsmenn og atvinnurekendur taki tillit til aðstæðna á viðkomandi vinnustað.

Tafla 5.2 *Launakerfi á samningssviði danska Alþýðusambandsins og danska Vinnuveitendasambandsins.*

	1989	1991	1993	1995	1997
<i>Prósentur</i>					
Kauptaxalaunakerfi	34	19	16	16	16
Lágmarkslaunakerfi	62	77	80	73	67
Engir kauptaxtar	4	4	4	11	17
Samtals	100	100	100	100	100
Heimild: DA (1999)					

5.5.1.1 Kauptaxalaunakerfi

Það launafólk sem vinnur eftir kauptaxakerfi (*normalløn*) fær eingöngu laun samkvæmt kauptaxta kjarasamnings. Kauptaxtar eru margir og í kjarasamningi er nákvæmlega kveðið á um röðun starfsfólks í launaflokka og þrep, auk starfsaldurshækkana og sérstakra álagsgreiðslna. Launin og launadreifingin er því ákveðin í kjarasamningi. Þegar samið er um hækkun taxta, skilar hækkunin sér strax í tilsvarandi hækkun til allra sem starfa samkvæmt samningunum.

Í kjarasamningi eru ekki sérstök ákvæði sem gefa launamanninum möguleika á að taka upp viðræður um einstaklingsbundin laun, á samningstímanum. Þó er rétt að undirstrika að auðvitað er ekkert sem kemur í veg fyrir að samið sé um hækjun launa, ef báðir aðilar eru sammála.

Kauptaxtalaunakerfi var áður mjög algengt meðal ófaglærðs verkafólks, en útbreiðsla þess hefur minnkað mjög á skömmum tíma. Árið 1989 var 34% launafólks á samningssviði Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins í kauptaxtakerfi, en árið 1997 aðeins 16%. Þetta launafolk hefur fyrst og fremst flust yfir í lágmarkslaunakerfi. Kauptaxtalaunakerfi eru enn algeng í samgöngum og hjá hinu opinbera.

5.5.1.2 Lágmarkslaunakerfi

Lágmarkslaunakerfi (*mindsteløn og minimalløn*) er algengasta launakerfið í Danmörku. Í slíkum kjarasamningum er bara ein launatala, sem segir til um lágmarkslaun. Gert er ráð fyrir einstaklingsbundnar greiðslur/álög komi til viðbótar lágmarksgreiðslum, en um þau skulu atvinnurekandi og launamaður semja sín á milli.⁹ Trúnaðarmaður á vinnustað getur komið að samningum ef samkomulag næst um það á milli fyrirtækisins og starfsmanns/starfsmanna.

Í lágmarkslaunakjarasamningum er svokallað skuldbindingarákvæði (*løfteparagraf*), sem kveður á um að árlega skuli fara fram mat og hugsanleg breyting á launakjörum starfsmanns. Um skuldbindingarákvæði er rætt frekar í tengslum við kjarasamninga án kauptaxta.

Þegar stéttarfélagið semur um hækjun lágmarkslauna er ekki sjálfgefið að laun allra þeirra sem vinna samkvæmt samningnum hækki um samsvarandi hlutfall eða krónutölum. Laun sem eru yfir lágmarkslaunum eru ekki hækkuð sjálfkrafa. Um þetta þarf launamaðurinn að semja sérstaklega við atvinnurekendann. Hækki launaliðurinn er atvinnurekanda því í raun heimilt að lækka einstaklingsbundin álög samsvarandi.¹⁰

Atvinnurekandi skuldbindur sig til að leggja kerfisbundið mat til grundvallar við ákvörðun einstaklingsbundinna áлага. Við matið skal litið til vinnuframlags, hæfni, færni, sveigjanleika og innihaldi starfsins og menntunar. Við matið skal

⁹ Á aðalfundi Landssambands íslenzkra verzlunarmanna 1999 útskýrði formaður HK-verslunar í Danmörku lágmarkslaunakerfið á skemmtilegan hátt. Hann sagði að starfsmaður fengi lágmarkslaun fyrir að mæta í vinnuna en ef ætlast væri til þess að hann vinni, þá þyrfti atvinnurekandinn að greiða sérstakt álag fyrir það.

¹⁰ DA (1998), s. 142.

kynjajafnréttis gætt sérstaklega.¹¹ Ef einstaklingsbundið álag starfsmanns er í ósamræmi við þessi atriði geta samningsaðilar krafist viðræðna þ.s. stéttarfélagið og samtök atvinnurekenda eiga fulltrúa.

Í lágmarkslaunasamningum er fjallað sérstaklega um hvað skuli gera ef ósamkomulag verður um launakjör. Ef misgengi verður á launum geta báðir samningsaðilar farið í mál í samræmi við lög og reglur um meðferð ágreiningsmála sem varða kjarasamninga.

Launafólk á lágmarkslaunasamningum fjölgaði mjög í upphafi þessa áratugar, þegar kauptaxtasamningum fækkaði, en hefur aftur fækkað eftir að taxtalausum samningum fór að fjölgan.

5.5.1.3 Kjarasamningar án kauptaxta

Á síðustu tíu árum hefur kauptaxtalausum kjarasamningum (*satsløse områder/markedsłøn*) fjölgað mjög. Slíkir samningar eru fyrst og fremst gerðir fyrir skrifstofufólk og sérfræðinga. Sérhver starfsmaður og atvinnurekandi hans skulu semja um laun sín á milli og skulu þau endurspeglu vinnuframlag, hæfni, menntun og færni einstaklingsins, svo og innihald starfsins og þá ábyrgð sem það felur í sér. Laun taxtalausra hópa hækka ekki sjálfkrafa þegar samið er um hækkanir launataxta í kjarasamningum. Um það þurfa starfsmenn að ræða sérstaklega við atvinnurekandann.

Taxtalausir kjarasamningar innihalda allir skuldbindingarákvæði (*lofteparagraf*), sem kveður á um að árlega skuli fara fram mat og hugsanleg breyting á launakjörum starfsmanns. Viðræðurnar fara fram undir friðarskyldu og er atvinnurekenda ekki skyld að hækka laun viðkomandi. Starfsmaður getur hins vegar vísað til launa á markaði, aukinna verkefna, skyldna o.s.frv.

Auk þessa getur starfsmaðurinn krafist þess að ræða strax og endursemja um laun við atvinnurekanda sinn, ef hann telur misræmi á milli eigin launa og launa starfsfélaga sinna. Sömu kröfu getur stéttarfélagið gert ef grunur er um ósamræmi á milli vinnustaða.

Í síðustu kjarasamningum sömdu danskir verslunarmenn um svokölluð verkefnalaun (*funktionsłøn*). Þetta eru laun fyrir ákveðna vinnu og er yfirvinna innifalin í launatölunni. HK var ekki mjög hrifið af hugmyndinni og hafði verulegar áhyggjur af

¹¹ Í samningum HK og DH&S er kveðið á um að ef HK telji ástæðu til að fara í mál vegna kynjamisréttis, þá skuli samtökin skoða málín sameiginlega í fyrirtakinu áður en lengra er haldið. Við þessa skoðun komi samningsaðilar sér saman um hvaða launaupplýsingar eru nauðsynlegar til að nota við hugsanleg málafærli.

því að með verkefnalaunum væri verið að reyna að halda launum niðri, því að með hærri launum fylgdi einfaldlega meira vinnuframlag. Hægt er að vísa ósamkomulagi um verkefnslaun til úrskurðarnefndar. Í úrskurðarnefndinni eru tveir fulltrúar frá verkalyðsfélögum og tveir frá atvinnurekendum, auk formanns sem er hlutlaus.

5.5.1.4 Tryggingarákvæði

Í íslenskum kjarasamningum er algengt að sjá tryggingarákvæði gagnvart verðbólgu og/eða launaþróun annarra starfsstéttu. Engin tryggingarákvæði tíðkast í kjarasamningum á almennum markaði í Danmörku. Ástæðan getur verið meiri efnahagslegur stöðugleiki, minni verðbólga, minna launaskrið (í báðar áttir) og skuldbindingarákvæði flestra kjarasamninga um að árlega skuli taka upp viðræður um laun.


Hjá hinu opinbera eru ekki möguleikar á að semja um laun á samningstímanum. Opinberir starfsmenn hafa hins vegar tryggingu fyrir því að fá 80% af því launaskriði sem verður á almennum vinnumarkaði, svokallað leiðréttigarákvæði (*reguleringsordning*). Leiðréttингin er miðuð við meðallaun á almennum markaði og er veitt jafnt til allra opinberra starfsmanna. Þetta þýðir auðvitað að ekki er tekið tillit til launaþróunar í einstökum starfsstéttum og launahlutföll samkvæmt kjarasamningum hafa því haldist mjög svipuð yfir tíma. Þetta hefur valdið nokkurri óánægju meðal hálaunahópanna, sem drögust nokkuð aftur úr launaþróun sambærilegra hópa á almennum vinnumarkaði á níunda áratugnum. Lægri launaðir hópar hafa aftur á móti notið góðs af ákvæðinu.

6. Samanburður launakjara á Íslandi og í Danmörku

Í þessum kafla er launaþróun annars vegar á Íslandi og hins vegar í Danmörku bornar saman. Einnig verða laun einstakra starfsstéttu innan þjónustu á Íslandi og í Danmörku borin saman.

6.1 Þróun launakjara


Á mynd 6.1 er sýnd þróun tímakaups á nafnvirði í iðnaði á Íslandi og í Danmörku á árunum 1980-99. Á þessu tímabili jókst tímakaup á nafnvirði í iðnaði um 2.700% hér á landi en tæplega 160% í Danmörku.



Heimild: *Danmarks statistik, Kjararannsóknarnefnd*

Mynd 6.1 *Hækjun tímakaups í iðnaði á Íslandi og í Danmörku árin 1980-99*

En það getur gefið ranga mynd að líta á nafnverðshækjunina eina og sér, taka verður tillit til verðbólgu og reikna þannig þróun kaupmáttar á sama tíma. Á mynd 6.2 er sýnd kaupmáttarþróun á Íslandi og í Danmörku. Þar sést að þar er allt annað uppi á teningnum. Kaupmáttur í Danmörku hefur aukist nokkuð stöðugt á 20 ára tímabili. Á Íslandi hefur þróunin verið mun sveiflukenndari en í Danmörku, en frá árinu 1995 hefur kaupmáttur aukist mun hraðar hér á landi en í Danmörku.



Mynd 6.2 *Þróun kaupmáttar á Íslandi og í Danmörku árin 1980-99*

Í töflu 6.1 er sýndur samanburður á lágmarkslaunum samkvæmt kjarasamningum Verzlunarmanafélags Reykjavíkur (VR) og Landssambands danskra verslunarmanna (HK).

Tafla 6.1 *Samanburður á lágmarkslaunum i VR og HK árin 1996 og 1999, í íslenskum krónum á verðlagi hvors síns árs*

	VR		HK	
	1996	1999	1996	1999
Mánaðarlaun	55.072	70.000	138.529	137.541
Orlofsuppbót	8.000	8.800	16.623	28.884
Desemberuppbót	24.000	26.100		
Láglunauppbót (maí)	12.464			
Láglunauppbót (des)	12.464			
<i>Meðalmánaðartekjur</i>	<i>59.816</i>	<i>72.908</i>	<i>139.913</i>	<i>138.916</i>
Frádráttur:				
Tekjuskattur	0	3.505	48.976	46.692
Félagsgj., lífeyrissj. ofl.	2.991	3.645	11.045	11.832
<i>Ráðstöfunartekjur m.v. meðalgengi</i>	<i>56.825</i>	<i>65.757</i>	<i>79.892</i>	<i>80.392</i>
<i>Ráðstöfunartekjur m.v.jafnvirðisgengi</i>	<i>56.825</i>	<i>65.757</i>	<i>67.350</i>	<i>73.216</i>

Miðað við meðalgengi áranna 1996 og 1999, og jafnvirðisgengi hafa meðalráðstöfunartekjur þeirra sem eru á lágmarkslaunum í VR aukist meira en þeirra sem eru á lágmarkslaunum í HK. Hér er þó réttara að bera saman kaupmáttaraukningu

í löndunum tveimur, til að leiðréttu fyrir verðbólgu. Kaupmáttur félagsmanna í VR sem eru á lágmarkslaunum hafa aukist um 7,4% á þessum tveimur árum en HK-félagsmanna um 3,8%. Þessi aukning er minni en kaupmáttaraukningin sem kom fram á mynd 6.2 hér að framan en er þó engu að síður í takt því kaupmáttaraukningin hér á landi hefur verið þó nokkuð meiri en í Danmörku á milli áranna 1996 og 1999.

6.2 Samanburður á launum einstakra þjónustugreina á Íslandi og í Danmörku

Í þessum hluta eru borin saman laun einstakra starfsgreina í þjónustu á Íslandi og í Danmörku. Íslensku gögnin eru úr launakönnun Kjararannsóknarnefndar fyrir árið 1998 (Kjararannsóknarnefnd, 1999) og dönsku gögnin eru úr launakönnun danske Vinnuveitendasambandsins fyrir árið 1998 (Dansk Arbejdsgiverforening, 1999). Íslensku gögnin og þau dönsku ættu að vera sambærileg, þar sem svipaðar aðferðir eru notaðar við öflun og úrvinnslu gagna í launakönnunum. Flokkun starfa í báðum könnunum byggir á alþjóðlegu starfaflokkuninni ISCO. Upphæðirnar eru í íslenskum krónum miðað við meðalgengi ársins 1998, en jafnvirðisgengi er notað við samanburð ráðstöfunartekna.

Útreikningur ráðstöfunartekna dagvinnumánaðarlauna í einstökum starfsgreinum er sýndur í töflu 6.2 og til viðmiðunar eru gefið upp hvað er til ráðstöfunar af heildarlaunum á mánuði fyrir sömu stétt. Eins er sýndur mismunur ráðstöfunartekna milli landanna tveggja, þar sem jákvætt formerki þýðir að fjárhæðir eru hærri á Íslandi en í Danmörku og öfugt þegar formerkið er neikvætt.

Tafla 6.2 Samanburður á launum í þjónustugreinum á Íslandi og í Danmörku árið 1998

	4113		4115		4121	
	Gagnaritarar		Almennir ritrarar		Ritarar við bókhald	
	Ísland	Danmörk	Ísland	Danmörk	Ísland	Danmörk
Mánaðarlaun fyrir dagvinnu	115.293	193.831	115.239	200.121	134.756	201.646
Desember- og orlofsuppbót	2.908	1.938	2.908	2.001	2.908	2.016
Lífeyrisiðgjald	-4.728	-13.707	-4.726	-13.693	-5.507	-14.420
Stéttarfélagsgjald	-1.182	-7.408	-1.181	-7.408	-1.377	-7.408
Vinnumarkaðsgjald		-15.662		-16.170		-16.293
Tekjuskattur	-20.376	-55.503	-20.356	-58.233	-27.667	-58.555
Til ráðstöfunar m.v. meðalgengi 1998:						
Dagvinnumánaðarlaun	91.915	103.490	91.884	106.619	103.114	106.987
Heildarmánaðarlaun	104.771	109.313	103.049	111.164	109.594	112.239
Til ráðstöfunar m.v. jafnvirðisgengi:						
Dagvinnumánaðarlaun	91.915	94.253	91.884	97.102	103.114	97.437
Heildarmánaðarlaun	104.771	99.555	103.049	101.241	109.594	102.221
Mismunur í ráðstöfunartekjum m.v. jafnvirðisgengi:						
Dagvinnulaun		-2%		-5%		6%
Heildarlarlaun		5%		2%		7%

	4131		4132		4211	
	Birgðaritarar		Framleiðsluritarar		Skrifstofufólk við gjaldkerastörf og miðasalar	
	Ísland	Danmörk	Ísland	Danmörk	Ísland	Danmörk
Mánaðarlaun fyrir dagvinnu	140.520	189.066	152.115	208.335	158.981	199.671
Desember- og orlofsuppbót	2.908	1.891	2.908	2.083	2.908	1.997
Lifeyrisiðgjald	-5.737	-11.145	-6.201	-13.519	-6.476	-13.542
Stéttarfélagsgjald	-1.434	-7.408	-1.550	-7.408	-1.619	-7.408
Vinnumarkaðsgjald		-15.277		-16.833		-16.133
Tekjuskattur	-29.826	-54.633	-34.170	-61.871	-36.741	-58.108
Til ráðstöfunar m.v. meðalgengi 1998:						
<i>Dagvinnumánaðarlaun</i>	106.431	102.494	113.103	110.787	117.053	106.475
<i>Heildarmánaðarlaun</i>	115.936	108.461		116.342	125.337	112.401
Til ráðstöfunar m.v. jafnvirðisgengi:						
<i>Dagvinnumánaðarlaun</i>	106.431	93.345	113.103	100.898	117.053	96.971
<i>Heildarmánaðarlaun</i>	115.936	98.780		105.957	125.337	102.368
Mismunur í ráðstöfunartekjum m.v. jafnvirðisgengi:						
<i>Dagvinnulaun</i>		14%		12%		21%
<i>Heildararlaun</i>		17%				22%

	4215		4222		4223	
	Skrifstofufólk við innheimtu		Móttöku- og upplýsingaritarar		Skrifstofufólk við símavörslu	
	Ísland	Danmörk	Ísland	Danmörk	Ísland	Danmörk
Mánaðarlaun fyrir dagvinnu	145.500	207.312	92.660	185.202	100.587	186.536
Desember- og orlofsuppbót	2.908	2.073	2.908	1.852	2.908	1.865
Lifeyrisiðgjald	-5.936	-16.553	-3.823	-10.197	-4.140	-14.945
Stéttarfélagsgjald	-1.484	-7.408	-956	-7.408	-1.035	-7.408
Vinnumarkaðsgjald		-16.751		-14.964		-15.072
Tekjuskattur	-31.692	-60.014	-11.898	-53.402	-14.868	-51.767
Til ráðstöfunar m.v. meðalgengi 1998:						
<i>Dagvinnumánaðarlaun</i>	109.296	108.660	78.892	101.083	83.453	99.209
<i>Heildarmánaðarlaun</i>	119.595	114.896	106.208	106.937	87.405	109.203
Til ráðstöfunar m.v. jafnvirðisgengi:						
<i>Dagvinnumánaðarlaun</i>	109.296	98.960	78.892	92.060	83.453	90.354
<i>Heildarmánaðarlaun</i>	119.595	104.640	106.208	97.391	87.405	99.455
Mismunur í ráðstöfunartekjum m.v. jafnvirðisgengi:						
<i>Dagvinnulaun</i>		10%		-14%		-8%
<i>Heildararlaun</i>		14%		9%		-12%

	3416		3419		3431	
	Innkaupafulltrúar		Aðrir fjármála- og sölufulltrúar		Stjórnunarritarar	
	Ísland	Danmörk	Ísland	Danmörk	Ísland	Danmörk
Mánaðarlaun fyrir dagvinnu	209.856	237.877	124.542	267.094	185.260	223.115
Desember- og orlofsuppbót	2.908	0	2.908	2.671	2.908	2.231
Lífeyrisiðgjald	-8.511	-15.852	-5.098	-16.711	-7.527	-16.001
Stéttarfélagsgjald	-2.128	-7.408	-1.274	-7.408	-1.882	-7.408
Vinnumarkaðsgjald		-19.030		-21.581		-18.028
Tekjuskattur	-55.799	-72.556	-23.841	-86.541	-46.585	-67.114
Til ráðstöfunar m.v. meðalgengi 1998:						
Dagvinnumánaðarlaun	146.327	123.032	97.237	137.524	132.175	116.796
Heildarmánaðarlaun	157.342	128.801	113.241	142.175	134.296	122.602
Til ráðstöfunar m.v. jafnvirðisgengi:						
Dagvinnumánaðarlaun	146.327	112.050	97.237	125.248	132.175	106.370
Heildarmánaðarlaun	157.342	117.304	113.241	129.484	134.296	111.659
Mismunur í ráðstöfunartekjum m.v. jafnvirðisgengi:						
Dagvinnulaun		31%		-22%		24%
Heildararlaun		34%		-13%		20%

	3433		5223	
	Bókarar		Afgreiðslufólk á kassa	
	Ísland	Danmörk	Ísland	Danmörk
Mánaðarlaun fyrir dagvinnu	147.473	237.411	75.040	135.782
Desember- og orlofsuppbót	2.908	2.374	2.908	1.358
Lífeyrisiðgjald	-6.015	-15.236	-3.118	-6.107
Stéttarfélagsgjald	-1.504	-7.408	-779	-7.408
Vinnumarkaðsgjald		-19.183		-10.992
Tekjuskattur	-32.431	-73.661	-5.298	-34.233
Til ráðstöfunar m.v. meðalgengi 1998:				
Dagvinnumánaðarlaun	110.432	124.298	68.753	78.424
Heildarmánaðarlaun	114.303	130.368	90.018	87.467
Til ráðstöfunar m.v. jafnvirðisgengi:				
Dagvinnumánaðarlaun	110.432	113.203	68.753	71.424
Heildarmánaðarlaun	114.303	118.731	90.018	79.660
Mismunur í ráðstöfunartekjum m.v. jafnvirðisgengi:				
Dagvinnulaun		-2%		-4%
Heildararlaun		-4%		13%

Heimild: *Kjararannsóknarnefnd (1999)* og *Dansk Arbejdsgiverforening (1999)*.

Athygli vekur að dagvinnulaun eru hærri í Danmörku fyrir allar þær starfsstéttir sem hér eru til skoðunar. Þegar ráðstöfunartekjur eru bornar saman hefur dæmið í mörgum tilvikum snúist við.

6.3 Laun sérfræðinga

Í könnun Danska vinnuveitendasambandsins 1998 eru upplýsingar um laun háskólamenntaðra starfsmanna. Hér verður gerð stuttlega grein fyrir launum viðskipta- og hagfræðinga í Danmörku. Ekki eru birtar upplýsingar um hvaða störf liggja að baki laununum, einungis um menntunina. 37 klukkustunda vikuleg vinna liggur að baki dönsku laununum. Til viðmiðunar eru skoðuð laun sérfræðinga í hag- og viðskiptafræði á Íslandi, skv. launakönnun VR vorið 1999. 46 klukkustundir á viku liggja að baki heildarlaunum á Íslandi.

Meðalgengi 1998	Danmörk 1998			Ísland 1999	
	Viðskipta-fræðingar	Hag-fræðingar	Hag-fræðingar	Sérfræðingar í hag- og viðskiptafræði	
	cand.merc.	cand.økon.	cand.polit.	Dagvinna	Heildar-laun
Mánaðarlaun m/orlofsuppbót	297.746	319.964	385.424	240.908	263.908
Lifeyrisiðgjald	-18.615	-19.709	-20.741	-9.636	-10.556
Stéttarfélagsgjald	-7.408	-7.408	-7.408	-2.409	-2.639
Vinnumarkaðsgjald	-23.820	-25.597	-30.834		
Tekjuskattur	-101.002	-112.903	-149.312	-73.862	-83.195
Til ráðstófunar	146.900	154.347	177.130	155.001	167.518
<hr/>					
Til ráðstófunar m.v. jafnvirðisgengi	133.788	140.570	161.319		


7. Tilfærslukerfi á Íslandi og í Danmörku

Í þessum kafla eru meginindrættir tilfærslukerfa á Íslandi og í Danmörku bornir saman.

7.1 Tölulegar upplýsingar um félagslegrar aðstoð

Fyrst er litið á nokkrar tölur um fjölda þeirra er nutu félagslegrar aðstoðar á Norðurlöndunum og þá sérstaklega á Íslandi og í Danmörku árið 1996.


Skiptar skoðanir geta verið um það hvað umfang ýmis konar félagslegrar aðstoðar gefi til kynna. Félagslega aðstoðin getur sýnt þörf á slíkri aðstoð í viðkomandi landi fremur en að hún endurspeglar mismun í löggjöf og reglugerðum. Líklegt er, þegar samanburður er gerður á milli landa sem búa við svípuð lífskjör og tekjuskiptingu að hið síðara sé upp á teningnum.



Heimild: *Statistic Sweden (1999)*.

Mynd 7.1 Hlutfall einstaklinga er nutu félagslegrar aðstoðar á Norðurlöndunum árið 1996


Á mynd 7.1 sést hlutfall einstaklinga sem nutu félagslegrar aðstoðar á Norðurlöndunum árið 1996. Þar sést að hlutfallið er hæst í Finnlandi eða 11,2%. Hins vegar nutu fæstir Íslendingar félagslegrar aðstoðar eða 3,3%. Hlutfall Dana sem nutu félagslegrar aðstoðar var næstlægst á Norðurlöndunum eða 4,6%.



Heimild: *Statistic Sweden (1999)*.

Mynd 7.2 *Hlutfall einstaklinga er nutu félagslegrar aðstoðar á Íslandi og í Danmörku árin 1990 og 1996*


Á mynd 7.2 er hlutfall einstaklinga sem nutu félagslegrar aðstoðar sérstaklega skoðað á Íslandi og í Danmörku. Þar kemur í ljós að frá árinu 1990 til 1996 hefur þróunin ekki verið sú sama í þessum löndum. Á Íslandi jókst hlutfallið úr 2,6% árið 1990 í 3,3% árið 1996 en hins vegar minnkaði hlutfallið í Danmörku úr 5,8% árið 1996 í 4,6% árið 1996.



Heimild: *Statistic Sweden (1999)*.

Mynd 7.3 *Hlutfall fjölskyldna og einstæðra mæðra sem þáðu félagslega aðstoð í Danmörku og Íslandi, skipt eftir heimilum með eða án barna árið 1996*

Mynd 7.3 sýnir hlutfall fjölskyldna og einstæðra mæðra sem nutu félagslegrar aðstoðar á árinu 1996. Þar sést að hlutfallið er í öllum flokkum herra í Danmörku en á Íslandi sem ætti ekki að koma á óvart þar sem heildarfjöldi einstaklinga sem nutu félagslegrar aðstoðar var mun meiri í Danmörku en á Íslandi (sjá myndir 7.1 og 7.2). Munurinn á hlutfallinu er þó mismunandi eftir fjölskyldugerðum í löndunum tveimur. Í Danmörku er mun herra hlutfall fjölskyldna með börn sem fær félagslega aðstoð en hér á landi. Í Danmörku fengu 11,9% fjölskyldna með börn félagslega aðstoð árið 1996 miðað við 5,4% á Íslandi, hér er um 6,5 prósentustiga mun að ræða. Munurinn er mun minni hjá fjölskyldum þar sem engin börn eru en þar munar 1,4 prósentustigum. Hlutfall einstæðra mæðra er fá félagslega aðstoð er um og yfir 20% í löndunum tveimur. Árið 1996 hlutu 19,4% einstæðra mæðra félagslega aðstoð á Íslandi en 22,2% einstæðra mæðra í Danmörku.




Heimild: *Statistic Sweden (1999)*.

Mynd 7.4 Árlegar meðalgreiðslur barnabóta á barn árið 1996 mælt með jafnvirðisgengi

Á mynd 7.4 eru sýndar árlegar meðalgreiðslur barnabóta á barn árið 1996 á Norðurlöndunum. Þar sést að meðalgreiðslur barnabóta eru hæstar í Noregi og næsthæstar í Finnlandi. Bæturnar í Svíþjóð, þar sem þær eru lægstar, eru nærr 40% lægri en í Noregi. Meðalgreiðslur barnabóta eru næstlægstar á Íslandi af Norðurlöndunum, en þær voru um 38% lægri hér á landi en í Noregi á árinu 1996.

Að lokum er bornar saman vikulegar atvinnuleysisbætur á Norðurlöndunum frá því í desember árið 1996 og eru bæði lágmarks og hámarksbætur bornar saman.¹² Á mynd 6.5 sést að atvinnuleysisbæturnar eru hæstar í Danmörku en hins vegar eru þær lægstar hér á landi. Hámarksatvinnuleysisbætur á Íslandi voru 53,2% lægri en í Danmörku á því ári.



Heimild: *Statistic Sweden (1999)*.

Mynd 7.5 Vikulegar atvinnuleysisbætur í desember 1996, mælt með jafnvirðisgengi

7.2 Tilfærslukerfi á Íslandi og í Danmörku í megindráttum

Hér á eftir verða helstu tilfærslur á Íslandi og í Danmörku kynntar og tekin eru dæmi af hjónum og einstæðum foreldrum með börn á sínu framfæri. Vakin er athygli á því að misjafnt er milli Íslands og Danmerkur hvenær bætur eru tekjutengdar eða skattskyldar en tekið er fram í texta hvenær tilfærslurnar eru tekjutengdar eða skattlagðar. Ennfremur er vakin athygli á því að misjafnt er hvort um er að ræða árlegar, mánaðarlegar eða vikulegar greiðslur. Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Forsendur á bak við dæmin eru eftirfarandi:

1. Hjón með tvö börn, fjögurra og átta ára.

¹² Hámarksatvinnuleysisbætur í Finnlandi fengust ekki gefnar upp.

Ísland: Þau hafa 3.250.000 krónur í samanlagðar árstekjur, sem eru meðaltekjur tveggja einstaklinga í hópi skrifstofu-, þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks árið 1998 samkvæmt launakönnun Kjararanngsóknarnefndar(1999).

Danmörk: Þau hafa 4.500.000 krónur í samanlagðar árstekjur, sem eru meðaltekjur tveggja einstaklinga í hópi skrifstofu-, þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks árið 1998 samkvæmt launakönnun Dansk Arbejdsgiverforening (1999).

2. Einstætt foreldri með tvö börn, fjögurra og átta ára.

Ísland: Það hefur 1.625.000 krónur í árstekjur, sem eru meðaltekjur einstaklings í hópi skrifstofu-, þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks árið 1998 samkvæmt launakönnun Kjararanngsóknarnefndar(1999).

Danmörk: Það hefur 2.300.000 krónur í árstekjur, sem eru meðaltekjur einstaklings í hópi skrifstofu-, þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks árið 1998 samkvæmt launakönnun Dansk Arbejdsgiverforening (1999).

7.2.1 Barnabætur, barnalífeyrir og meðlagsgreiðslur

Hér á landi eru barnabætur vanalega greiddar vegna barna fram til 16 ára aldurs, en hins vegar til 18 ára aldurs á Danmörku. Barnabætur eru misjafnar eftir því hvort þær eru greiddar til hjóna eða einstæðra foreldra. Í Danmörku hins vegar sama upphæðin greidd til hjóna og einstæðra foreldra.

Ólíkt því sem hér tíðkast eru barnabætur ekki tekju- og eignatengdar í Danmörku, en barnabæturnar eru hvorki skattskyldar tekjur á Íslandi né í Danmörku.

Tafla 7.1 *Barnabætur á ári*

	Ísland ¹	Danmörk	
Hjón/fólk í sambúð			
1. barn	104.997 kr.	0-2 ára	111.455 kr.
2. barn o.fl.	124.980 kr.	3-6 ára	100.606 kr.
barn < 7 ára	30.930 kr.	7-17 ára	79.893 kr.
Einstætt foreldri			
1. barn	174.879 kr.		
2. barn	179.389 kr.		
3. barn	130.930 kr.		

1 Tekjuskerðing: Hjón með hærri tekjur en 1.169.568 kr og einstætt foreldri með hærri tekjur en 584.784 kr. með: 1 barn fá 5% skerðingu, með 2 börn fá 9% skerðing, með 3 o.fl. börn fá 11% skerðing. Eignaskerðing: Hjón með eign verðmætari en 8.557.656 kr. fá 1,5% skerðingu við hvert barn og einstætt foreldri með eign hærri en 6.418.774 kr. fær 3% skerðing við hvert barn.

2 Sérstök greiðsla er greidd þegar foreldri fær ekki meðlag með barninu

Dæmi:

	Ísland	Danmörk
Hjón	73.668 kr.	180.498 kr.
Einstætt foreldri	291.579 kr.	180.498 kr.

Hér er rétt að bæta við að ef einstæða foreldrið á Íslandi fær húsaleigubætur (sbr. kafla 7.2.4 hér á eftir) teljast bæturnar til tekjuskattstofns og koma því til lækkunar á útreikningum barnabóta. Þannig að ef einstæða foreldrið á Íslandi er í leiguþúsnaði og þiggur húsaleigubætur fær það samkvæmt forsendum 275.000 kr. í barnabætur.

Hér á landi er heimilt að greiða einstæðum foreldrum mæðralaun/feðralaun sem hafa á framfæri sínu tvö börn eða fleiri undir 18 ára aldri. Í Danmörku gilda sömu reglur en þar er greiddur barnalífeyrir (*Børnetilskud*) til einstæðra foreldra vegna barna sem eru yngri en 18 ára.¹³ Mæðralaun/feðralaun eru hvorki tekjutengd hér né í Danmörku en hins vegar eru þau skattskyld hér á landi en skattfriðs í Danmörku.

Tafla 7.2 *Mæðralaun/ feðralaun á ári*

	Ísland	Danmörk
Tvö börn	44.364 kr.	Venjuleg greiðsla
Þrijú börn o.fl.	115.344 kr.	Aukagreiðsla ¹

1 Aukagreiðslur eru óháðar barnafjölda.

Dæmi:

	Ísland	Danmörk
Einstætt foreldri	44.364 kr.	129.880 kr.

Mæðra- og feðralaun eru skattskyldar tekjur á Íslandi en ekki í Danmörku þannig að þegar skatturinn hefur verið dreginn frá á Íslandi standa eftir 27.355 kr. hjá einstæða foreldrinu.

Meðlag með börnum er greitt fram til 18 ára aldurs barnsins hér á landi sem og í Danmörku. Meðlagsgreiðslur eru hvorki skattskyldar hér á landi né í Danmörku en í Danmörku geta meðlagsgreiðendur dregið meðlagsgreiðslur frá skattskyldum tekjum.

¹³ Vegna eðlis þessarar skýrslu verður ekki gert grein fyrir barnalífeyrir sem greiddur er hér á landi með börnum sem eru yngri en 18 ára ef annað foreldra þeirra er látið eða nýtur örorku- og endurhæfingarlífeyrir.

Tafla 7.3 Meðlagsgreiðslur

	Ísland	Danmörk
Meðlagsgreiðslur	12.693 kr	7.506 kr. ¹

1 Ef meðlagsgreiðandi hefur meira en 2.711.500 kr í tekjur á ári bætist við meðlagið og fer sú upphæð eftir tekjum og fjölda barna sem meðlagsgreiðandi greiðir með.

Dæmi:

	Ísland	Danmörk
Einstætt foreldri	25.386	15.012 kr.

Þegar barnabæturnar, mæðralaun/feðralaun og meðlagsgreiðslur eru teknar saman kemur í ljós að einstæða foreldrið á Íslandi fær 640.575 kr. greiddar á ári og einstæða foreldrið í Danmörku fær 490.522 kr. greiddar á ári.

7.2.2 Fæðingarorlof

Greiðslur vegna fæðingarorlofs eru greiddar til foreldra sem leggja niður launaða vinnu í fæðingarorlofinu en ef kjarasamningar kveða á um óskert laun í fæðingarorlofi hafa foreldrar ekki rétt á greiðslunum.

Til að eiga rétt á dagpeningum í fæðingarorlofi í Danmörku þurfa foreldrarnir auk þess að hafa fasta búsetu og skattskyldar tekjur í landinu, að hafa unnið í a.m.k. 120 dagvinnustundir síðustu 13 vikurnar fyrir fæðingu barnsins. Á Íslandi hafa foreldrar rétt á dagpeningum í fæðingarorlofi sem hafa haft fasta búsetu hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðingu.¹⁴ Á Íslandi er annars vegar greiddur fæðingarstyrkur til móður og hins vegar fæðingardagpeningar sem bæði móðir og faðir hafa kost á. Fæðingarstyrkinn er óháður því hvort móðirin hefur verið á vinnumarkaðnum fyrir fæðingu. Hins vegar eru fæðingardagpeningar háðir atvinnu- eða skólaþáttöku umsækjanda. Til að njóta fullra dagpeninga þarf foreldrið að hafa unnið 1.032 – 2.064 dagvinnustundir síðustu 12 mánuði fyrir fæðingu barnsins.

Bæði hér á landi og í Danmörku hafa foreldrar rétt á um sex mánaða fæðingarorlofi eftir fæðingu barns. Fyrirkomulag fæðingarorlofsins er þó nokkuð ólíkt í löndunum tveimur. Í Danmörku eru móðurinni greiddar bæturnar fyrstu 14 vikurnar eftir fæðingu en faðirinn á rétt á sama tíma tveggja vikna orlofi (s.k. feðraorlof). Næstu 10

¹⁴ Hér verður þó að taka tillit til milliríkjjasamninga sem geta breytt myndinni.

vikurnar þar á eftir getur annað hvort móðirin eða faðirinn fengið greiðslur en síðustu tvær vikurnar hefur einungis faðirinn rétt á fæðingarorlofi. Á Íslandi getur faðir með samþykki móður fengið greidda fæðingardagpeninga en móðirin fær þó alltaf dagpeningana í a.m.k. einn mánuð. Bæði í Danmörku og á Íslandi eiga verðandi mæður rétt á bótum allt að fjórum vikum fyrir áætlaðan fæðingardag.

Tafla 7.4 *Greiðslur vegna fæðingarorlofs*

	Ísland	Danmörk
Lengd	26 vikur	26 vikur
Fæðingarstyrkur	32.005 kr	110.632 kr. ¹
Fæðingardagpeningar ²	1.342 kr	
Mánaðarleg greiðsla	69.581 kr	110.632 kr.

1 Dagpeningar vegna fæðingarorlofs eru jafnir fyrri launum en geta hæst orðið 110.632 kr á mánuði, innifalið í upphæðinni er framlag í Lífeyrissjóð atvinnulífsins (ATP) og í Sérstakan lífeyrissjóð (SP).

2 Fæðingardagpeningar nema tvöföldum sjúkradagpeningum.

Greiðslur vegna fæðingarorlofs eru skattskyldar hér á landi sem og í Danmörku, þó er ekki dregið vinnumarkaðsframlag (8%) af greiðslunum í Danmörku.

Dæmi:

	Ísland	Danmörk
Hjón og einstætt foreldri	69.581 kr.	110.632 kr.

Greiðslur í fæðingarorlofi eru tekjuskattskyldar bæði á Íslandi og í Danmörku. Þegar skattur hefur verið dreginn af greiðslunum standa eftir 66.233 kr. hjá Íslendingnum og 76.486 kr. hjá Dananum.

7.2.3 Vaxtabætur

Til grundvallar útreikningum á vaxtabótum á Íslandi er sú upphæð sem lægst er af greiddum vaxtagjöldum af húsnæðislánum á árinu, 7% af eftirstöðvum húsnæðisskulda eða hámarki að upphæð 421.489 kr. fyrir einhleypa, 553.326 kr. fyrir einstætt foreldri og 685.161 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk. Frá þeiri upphæð sem lægst er eru dregin frá 6% af tekjuskattsstofni. Vaxtabætur geta þó aldrei orðið hærri en 144.426 kr. hjá einhleypingi, 185.742 kr. fyrir einstætt foreldri og 238.840 kr. fyrir hjón og sambýlisfólk. Vaxtabætur hér á landi eru skattfrjálsar.

Vaxtabætur af húsnæðislánum eins og tilökast hér á landi eru ekki fyrir hendi í Danmörku. Í Danmörku er hins vegar heimilt að draga vaxtagjöld frá tekjuskattsstofni

og koma því vaxtagjöld af húsnæðislánum sem og öðrum lánum til lækkunar tekjuskatts.

Dæmi:

Gert er ráð fyrir að:

Húsnæðisverð sé meðalverð á 3-4 herbergja íbúðar á höfuðborgarsvæðinu og að skuldahlutfallið sé 80% af húsnæðisverði.

Hjónin á Íslandi greiði af 8,8 milljón króna lánum vegna húsnæðis á 5,1% verðtryggðum vöxtum.

Einstæða foreldrið á Íslandi greiði af 6,4 milljón króna lánum vegna húsnæðis á 5,1% verðtryggðum vöxtum.

Hjónin í Danmörku greiði af 10 milljón króna lánum vegna húsnæðis á 7,9% vöxtum.

Einstæða foreldrið í Danmörku greiði af 7,3 milljón króna lánum vegna húsnæðis á 7,9% vöxtum.

	Ísland	Danmörk
	Vaxtabætur	Skattalækkun
Hjón	238.840	238.540
Einstætt foreldri	185.742	169.737

Á Íslandi fá einstaklingarnir vaxtabætur vegna vaxtagjálda af húsnæðislánum, en Danirnir geta dregið vaxtagjöldin frá tekjuskattsstofni, þannig að skattar þeirra lækka.

7.2.4 Húsaleigubætur

A Íslandi ákvarðast húsaleigubæturnar m.a. af tekjum leigutakans, stærð fjölskyldu hans, nettóeignum og leiguupphæð. Í Danmörku eru viðmið húsaleigubóta svipuð, þar ráða tekjur og upphæð húsaleigunnar miklu en einnig þættir svo sem fjöldi barna og stærð íbúðar sem leigð er.¹⁵

Húsaleigubætur eru skattlagðar hér á landi og eru þær staðgreiðsluskyldar, hins vegar eru bæturnar skattfrjálsar í Danmörku.

¹⁵ Einstæðingar fá húsaleigubætur vegna húsnæðis upp að 65 m^2 , barnlaust par vegna húsnæðis að 85 m^2 og við hvert barn eða annan einstakling bætast 20 m^2 við.

Tafla 7.5 *Húsaleigubætur*¹⁶

Ísland	Danmörk
Hámark á mánuði eða 50% af leigufjárhæð	Hámark á mánuði Engin börn 15% af húsaleigu
Grunnstofn	1-3 börn 23.780 kr.
1 barn	4 o.fl. börn 28.899 kr.
2 börn	4.000 kr.
3 börn	3.500 kr.
Hlutdeild af leigu	12% af leigu á bilinu 20.000-45.000 kr.
Skerðing ¹	Skerðing ²
Árstekjur > 1,6 m.kr.	Árstekjur < 1,13 m.kr. 16,0%
	Árstekjur > 1,13 m.kr. 23,7%

1 25% af nettóskuldum umfram 3 milljónum er bætt við tekjurnar sem liggja til grundvallar ákvörðun um upphæð húsaleigubóta.

2 Nokkuð flóknar reglur liggja til grundvallar útreikningum á húsaleigubótum í Danmörku, t.d. eru vissar hámarksupphæðir teknar inn í útreikningana sem óþarfi er að tilunda hér. Áhugasönum er bent á Forsíkringsoplysinginum (1999).

Dæmi:

	Ísland	Danmörk
Hjón	0 kr.	0 kr.
Einstætt foreldri	15.350 kr.	14.289 kr.

Húsaleigubætur eru skattskyldar tekjur hér á landi en ekki í Danmörku. Það hefur í för með sér að þegar dreginn hefur verið tekjuskattur af húsaleigubótum einstæða foreldrisins á Íslandi standa eftir 9.465 kr. Auk þess, eins og fram kom í kafla 7.2.1, koma húsaleigubætur inn í tekjuskattstofn til útreikninga á barnabótum sem verður til lækkunar á barnabótum. Þegar tillit hefur verið tekið til þessarar tekjuskerðingar er virði húsaleigubótanna hjá einstæða foreldrínu á Íslandi um 8.100 kr. á mánuði.

7.2.5 Atvinnuleysisbætur

Uppbygging atvinnuleysisbótakerfisins er nokkuð ólík á Íslandi og í Danmörku. Hér á landi er skylt að greiða tryggingagjald af öllum launþegum, sem rennur í Atvinnuleysistryggingasjóð.¹⁷ Hins vegar er fólki í Danmörku í sjálfsvald sett hvort

¹⁶ Rétt er að benda á að tölurnar eiga við um einstaklinga sem ekki njóta örorku- eða ellilífeyrisbóta.

¹⁷ Tryggingagjaldið er samsett af tveimur gjöldum, almennu tryggingagjaldi og atvinnutryggingagjaldi. Atvinnutryggingagjaldið er 1,15% af gjaldstofni, en það fer eftir atvinnugreinum hvert hlutfall almenna tryggingagjaldsins, var á bilinu 2,5 – 4,64% árið 1998.

það greiðir í atvinnuleysissjóð eða ekki. Algengt er að þeir sem telja sig vera örugga á vinnumarkaðnum borgi ekki í atvinnuleysissjóði.

Atvinnuleysissjóðir í Danmörku eru fjármagnaðir með framlögum frá launþegum, atvinnurekendum og ríkinu. Launþegar verða að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að gerast meðlimar í atvinnuleysissjóð og geta sagt sig úr þeim hvenær sem er.

Til að eiga rétt á fullum atvinnuleysisbótum á Íslandi þurfa einstaklingar að vera á aldrinum 16-70 ára og hafa á síðastliðnum 12 mánuðum verið a.m.k. 10 vikur í fullu tryggingagjaldsskyldu starfi. Í Danmörku þurfa hins vegar einstaklingar að hafa unnið í a.m.k. 52 vikur síðastliðin þrjú ár.¹⁸

Á Íslandi er atvinnuleysisbótatímabilið að hámarki 5 ár. Nýtt bótatímabil getur hafist ári síðar, með því skilyrði að einstaklingurinn hafi unnið launaða vinnu í a.m.k. sex mánuði á árinu, þ.e. eftir að fyrra bótatímabili lauk. Í Danmörku er lengd bótatímabilsins fjögur ár, þar sem fyrsta árið er greitt í dagpeningum en næstu þrjú árin eru endurmenntunartímabil (*aktivperiode*). Á endurmenntunartímabilinu hafa atvinnulausir rétt á starfsþjálfun og menntun og eiga kost á því að fá sérstök störf á vegum hins opinbera, svokölluð „puljejob“. Hámarksblaun í slíku starfi eru um 950 kr. á tímann. Þegar búið er að draga frá laununum vinnumarkaðsframlag o.fl., eiga þau að vera jöfn hámarksatvinnuleysisbótum. Atvinnulaus einstaklingur getur lengst verið þrjú ár í „puljejob“, þ.e. sem nemur lengd endurmenntunartímabilsins. Á Íslandi gilda þær reglur að einstaklingur sem þiggur atvinnuleysisbætur á rétt á og er skylt að fara á endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeið eða taka þátt í átaksverkefni í allt að átta vikur á bótatímabilinu.

Atvinnuleysisbætur í Danmörku eru skattskyldar, tekið er af framlag í Lífeyrissjóð atvinnulífsins en ekki vinnumarkaðsframlag. Af bótunum fer svo 1% í sérstakan lífeyrissparnað. Á Íslandi eru bæturnar einnig skattskyldar og af bótunum er dregin frá 4% í lífeyrissjóð og 6% í Atvinnuleystryggingasjóð.

Tafla 7.6 *Atvinnuleysisbætur á dag*

	Ísland	Danmörk
Hámarksbætur á dag ¹	2.862 kr	5.445 kr.
Vegna barna yngri en 18 ára	114,48 kr	

¹ Atvinnuleysisbætur í Danmörku eru 90% af fyrri launum, þó að hámarki 5.034 kr á dag.

¹⁸ Þeir sem eru ekki fullir meðlimir í atvinnuleysissjóðum þurfa að hafa unnið í 34 vikur. Þeir sem eru nýútskrifaðir úr skóla hafa rétt á atvinnuleysisbótum einum mánuði eftir útskrift, að því skilyrði uppfylltu að þeir hafi skráð sig í atvinnuleysissjóð innan tveggja vikna frá útskrift.

Dæmi:

Ísland	Danmörk
14.596 kr.	27.671 kr.

Dæmið sýnir vikulegar atvinnuleysisbætur í löndunum tveimur áður en skattar hafa verið dregnir frá. Innifalið í upphæðunum eru framlög í lífeyrissjóði. Þegar búið er að draga skatta frá atvinnuleysisbótum á Íslandi standa eftir 14.302 kr. og í Danmörku 19.034 kr.

7.2.6 Lífeyrissjóðir

Í þessum kafla er greint frá lífeyrissparnaði í löndunum tveimur. Lífeyrissjóðirnir eru kynntir en ekki kafað mjög djúpt í tilhögun þeirra.

7.2.6.1 Ísland

Lífeyriskerfið á Íslandi er byggt á þremur þrepum: Lífeyrisgreiðslur úr almannatryggingakerfinu, lögbundnir lífeyrissjóðir og einstaklingsbundnir lífeyrissparnaðarsjóðir. Lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar á sama hátt og aðrar launatekjur.

a) Almannatryggingar

Rétt á fullum grunnlífeyri eiga allir Íslendingar frá 67 ára sem búið hafa hér á landi í a.m.k 40 ár.¹⁹ Nú í ár (1999) er grunnlífeyrinn að hámarki 16.829 kr. á mánuði, sú upphæð byrjar að skerðast ef tekjur einstaklings eru hærri en 94.690 kr. á mánuði og hverfa alveg ef tekjur einstaklings eru 150.786 kr. á mánuði og hjóna 145.176 kr. á mánuði.²⁰ Hvorki lífeyrissjóðsgreiðslur né tekjur maka skerða grunnlífeyri ellilífeyrisþegans.

Ef tekjur ellilífeyrisþega, að undanskildum greiðslum frá Tryggingastofnun, húsaleigubótum og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, ná ekki frítekjumarki, sem er 20.916 kr. á mánuði, á hann rétt á tekjutryggingu sem getur mest orðið 28.937 kr. á mánuði. Sú upphæð skerðist ef tekjur einstaklings fara yfir frítekjumarkið og skerðast að fullu þegar hann hefur yfir 85.221 kr. á mánaðartekjur.²¹ Skattskyldar tekjur yfir frítekjumarki skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru frítekjumarkinu.

¹⁹ Sérstakar reglur gilda þó um einstaklinga sem búið hafa og starfað í öðrum EES-löndum.

²⁰ Til tekna teljast skattskyldar tekjur aðrar en lífeyrissjóðstekjur, greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, húsaleigubætur og fjárhagsleg aðstoð sveitarfélaga.

²¹ Mismunandi reglur gilda eftir því hvort bæði hjónin þiggja lifeyri eða bara annað þeirra, en hér er tekið dæmi um einhleypan eða þá hjón sem bæði fá lifeyri.

Ellilífeyrisþegar með litlar tekjur eiga einnig rétt á að sækja um uppbót á lífeyri, heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót.

Ef ellilífeyrisþegi nýtur einungis bóta úr almannatryggingakerfinu fær hann um 40% af meðallaunum opinberra starfsmanna (Tryggvi Herbertsson et al., 1999).

b) Lögbindnir lífeyrissjóðir

Launþegar og þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eru skyldir til að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs frá 16 ára aldri til sjötugs til að tryggja lífeyrisréttindi. Í lífeyrisréttindum felast elli-, örorku-, maka- og barnalífeyrir.

Lágmarksíðgjald í lífeyrissjóð er 10% af launatekjum. Kjarasamningar kveða á um hver skiptingin er milli launþega og launagreiðenda, en algengt er að launþegi greiði 4% og launagreiðandinn 6%. Í lífeyrissjóð opinberra starfsmanna greiðir hins vegar launagreiðandinn 11,4% og launþegar jafnt sem áður 4%.

Áætlað hefur verið að samkvæmt núgildandi reglum fái meðallífeyrisþegi um 45-58% af meðaltekjum einstaklinga á aldrinum 40-60 ára (Tryggvi Herbertsson et.al, 1999). Þetta hlutfall hækkar upp í 60-70% þegar tekið hefur verið tillit til ellilífeyrisgreiðslna úr almannatryggingakerfinu.

c) Einstaklingsbundinn lífeyrissparnaður

Frá áramótum 1998-99 gátu launþegar á aldrinum 16-70 ára haft einstaklingsbundinn lífeyrissparnað. Framlagið getur numið allt að 2% af launum og greiðir atvinnuveitandi 0,2% mótframlag. Aukalífeyrisframlag geta einstaklingar annað hvort greitt í þann lífeyrissjóð sem þeir greiða skyldulífeyri sinn í eða í annan löglegan sjóð.

Þessi hækjun iðgjalda í lífeyrissjóði var gerð hagkvæm þegar hlutfall iðgjalda sem er frádráttarbært frá skatti var hækkað úr 4% í 6%.

7.2.6.2 Danmörk

Lífeyriskerfið í Danmörku byggist á fimm þrepum a) Lífeyrisgreiðslur úr almannatryggingakerfinu, b) Greiðslum úr Lifeyrissjóð atvinnulífsins (ATP), c) Samningsbundnum viðbótarlífeyri (*Arbejdsmarkedspension*), d) Einstaklingsbundinn lífeyrissparnaður og e) Sérstakur lífeyrissparnaður- SP.

Lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar á sama hátt og aðrar launatekjur, en ef um eingreiðslur er að ræða greiðast 40% af greiðslunni í skatt.

a) Lifeyrisgreiðslur úr almannatryggingakerfinu (Folkepension)

Sjóðurinn tryggir að fólk sem komið er á eftirlaunaaldur, eftir 67 ára, hafi grunnlífeyri.²²

Árið 1999 var grunnlífeyrir 42.024 kr.²³ á mánuði fyrir einhleypa einstaklinga og tekjutrygging 41.664 kr. Fyrir giftan einstakling eða í sambúð er grunnlífeyrinn 42.021 kr. á mánuði og tekjutrygging 18.785 kr.

Grunnlífeyrinn er ekki tekjutengdur, nema viðkomandi hafi vinnutekjur yfir 2.143.000 kr. á ári ef hann er einhleypur og 1.453.200 kr. ef hann er giftur, hins vegar er tekjutengingen tekjutengd, eins og nafnið gefur til kynna.

b) Lifeyrissjóður atvinnulífsins (ATP)

Lifeyrissjóður atvinnulífsins er söfnunarsjóður. Allir launþegar greiða í Lifeyrissjóð atvinnulífsins, þeir greiða 1/3 af framlaginu á móti 2/3 frá vinnuveitenda. Framlög í Lifeyrissjóð atvinnulífsins byggjast á vinnuframlagi en ekki á tekjum. Hámarks mánaðarlegt framlag, þ.e. þeirra sem unnu a.m.k. 117 tíma í mánuðnum, var er 2.415,40 kr. á mánuði eða um 29.000 kr. á ári árið 1998.

Fyrir einstakling sem kominn er á ellilífeyrisaldur og hefur greitt fullt iðgjald í Lifeyrissjóð atvinnulífsins síðan árið 1964, þegar sjóðurinn var stofnaður fær um 190.500 kr. á ári greitt úr sjóðnum.

c) Samningsbundinn viðbótarlífeyrir (Arbejdsmarkedspension)

Margir kjarasamningar kveða á um að launþegar greiði iðgjöld í samningsbundinn lifeyrissjóð. Lifeyrissjóðir þessir eru söfnunarsjóðir.

Iðgaldið er misjafnt, en liggar á bilinu 9-15% og greiðir launþegi þriðjung og atvinnurekandi tvo þriðju. Þar sem algengast er að greiðslur í samningsbundna lifeyrissjóði fari eftir tekjum, þá endurspeglar lífeyrisgreiðslurnar launatekjur viðkomandi.

Algengast er að framlög í samningsbundna lifeyrissjóði miði að því að viðkomandi fái 60-70% af fyrri launum og eru þá tekið tillit til lífeyrisgreiðsla frá hinu opinbera, þ.e. greiðslum frá almannatryggingum og úr Lifeyrissjóði atvinnulífsins.

²² Þeir sem urðu 60 ára eftir 1. júlí 1999 munu fá lífeyrisgreiðslur úr almannatryggingakerfinu frá 65 ára aldri.

²³ Miðað við meðalgengi jan.-sept. 1999

d) Sérstakur lífeyrir (SP)

Sérstaka lífeyrissjóðnum (*Den Særlige Pensionsopsparing, SP*) var komið á fót í ársbyrjun 1999.²⁴ Allir laumþegar og sjálfstæðir atvinnurekendur á aldrinum 16 – 66 ára greiða 1% af brúttótekjum í þennan sérstaka lífeyrissjóð, þ.e. þegar dregið hefur verið af iðgjald í Lífeyrissjóð atvinnullífsins og í samningsbundinn lífeyri. Atvinnuveitandi greiðir ekkert mótfamlag í þennan lífeyrissjóð.

Greiðslur úr sérstaka lífeyrissjóðnum greiðast frá 67 ára aldri til 77 ára aldurs. Ef einstaklingur deyr fyrir 77 ára aldur er afgangsgreiðslan öll greidd út sem eingreiðsla.

e) Einstaklingsbundinn lífeyrissparnaður

Einstaklingsbundinn lífeyrissparnaður er nokkuð algengur í Danmörku. Tilhögun sjóðanna er með ýmsu sniði sem ekki verður farið nánar út í hér.

²⁴ Þessi sjóður er arfstaki Den Midlertidige Pensionsopsparing (DMP) sem var starfræktur á árinu 1998.

7.3 Dæmi um heildartekjur hjóna með tvö börn

Hér á eftir er gerð tilraun til að setja fram tvö dæmi um heildarráðstöfunartekjur hjóna á Íslandi og í Danmörku, þar sem tekið hefur verið tillit til bóta og tilfærslna sem hjónin fá. Sömu forsendur og giltu fyrir dæmin hér að framan gilda, þ.e. hjónin vinna bæði úti og eiga tvö börn fjögurra og átta ára. Árstekjur íslensku hjónanna eru 3,25 milljónir króna en dönsku hjónanna 4,5 milljónir króna.²⁵ Íslensku hjónin greiða af lánum vegna húsnæðis að upphæð 8,8 milljónir króna, en dönsku hjónin að upphæð 10 milljónir króna.²⁶

Tafla 7.7 *Dæmi um heildartekur íslenskra og danskra hjóna, miðað við meðalgengi 98 og jafnvirðisgengi*

	Íslensk hjón	Dönsk hjón
Mánaðartekjur	270.833 kr.	395.420 kr.
Tekjuskattur	-54.665 kr.	-123.721 kr.
Lifeyrissjóður	-10.833 kr.	-38.931 kr.
Barnabætur	6.139 kr.	16.516 kr.
Vaxtabætur ¹	19.903 kr.	
<i>Til ráðstöfunar m.v. meðalgengi</i>	<i>231.377 kr.</i>	<i>249.283 kr.</i>
<i>Til ráðstöfunar m.v. jafnvirðisgnengi</i>	<i>231.377 kr.</i>	<i>227.031 kr.</i>

¹ Í Danmörku koma vaxtagjöld til frádráttar frá tekjuskattsstofni og lækkar tekjuskatt. Sjá dæmi í kafla 7.2.3.

Dæmið sýnir að þegar teknar hafa verið saman tekjur og þær bætur sem hjónin í löndunum tveimur fá eru ráðstöfunartekjur dönsku hjónanna miðað við meðalgengi 7,7% hærri en þeirra íslensku. Hins vegar ef miðað er við jafnvirðisgengi gjaldmiðlanna hefur dæmið snúist við og eru rástöfunartekjur íslensku hjónanna 1,9% hærri en þeirra dönsku. Einnig ber að líta á mánaðartekjur dönsku hjónanna fyrir skatta og tekjur eru 46% hærri en þeirra íslensku, en tekjuskattur hjónanna í Danmörku er mun hærri eða sem nemur 126%. Verulegur munur er einnig á lifeyrissjóðsgreiðslum dönsku hjónanna og þeirra íslensku. Vekja verður athygli á því að í dæminu eru einungis skoðuð áhrif tekjutilfærslna og ekki kannanð sérstaklega hvort hærri skattgreiðslur skili sér til baka í ódýrari eða betri velferðarþjónustu.

²⁵ Tekjur í báðum löndunum eru miðaðar við að annað hjóna sé skrifstofumaður, hitt afgreiðslumaður.

²⁶ Húsnæðiskostnaður er í báðum löndunum miðaður við meðalverð 3-4 herbergja íbúðar á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að skuldahlutfall sé 80% í báðum tilfellum.

8. Búferlaflutningar sem mælikvarði á hlutfallsleg lífskjör

Oft er atferli landsmanna sjálfra mælikvarði á lífskjör þeirra. Ef launakjör eru verri hér á landi en í Danmörku og ef tekjutilfærslur til heimila eru einnig veigameiri í Danmörku, þá má búast við að fólk flytji fremur búferlum héðan til Danmerkur en heim á leið. Þannig er unnt að nota tölur um nettóbúferlaflutninga á milli landa til þess að leggja mat á lífskjör í löndunum tveimur.

Nettóbrottflutningur frá Íslandi til Danmerkur fór vaxandi á árunum 1991-1995 en hefur minnkað síðan. Tvennt getur hafa valdið þessari þróun: Í fyrsta lagi drögust launastur úr hér á landi eins og sýnt var fram á hér að framan. Í öðru lagi versnaði atvinnuástand hér á landi í samanburði við atvinnuástand í Danmörku. Til þess að leggja mat á þessar tilgátur var eftirfarandi jafna fyrir tímabilið 1990-1998 metin:


$$N_t = \alpha_0 + \alpha_1 \log(w_t^{\text{IS}}) + \alpha_2 \log(w_t^D) + \alpha_3 u_t^{\text{IS}} + \alpha_4 u_t^D + \varepsilon_t$$

þar sem N táknað fjölda þeirra sem flytjast frá Danmörku til Íslands umfram fjölda þeirra sem flytjast til baka, w^{IS} eru meðalraunlaun félagsmanna í VR reiknuð út frá félagsgjöldum, w^D eru meðallaun í Danmörku, u^{IS} er atvinnuleysi á Íslandi og u^D er atvinnuleysi í Danmörku.

Af breytunum fjórum voru launabreyturnar báðar marktækjar en atvinnuleysisbreyturnar ómarktækjar. Há laun hér á landi drógu úr brottflutningi fólks og há laun í laun í Danmörku juku hann. Jafnan skýrir 80% breytinga í nettóaðflutningi frá ári til árs. Metnu stuðlarnir α_0 , α_1 og α_2 voru síðan notaðir til þess að reikna hver laun innan VR hefðu þurft að vera á ári hverju, að gefnum launum í Danmörku, til þess að nettóbrottflutningur til Danmerkur hefði verið enginn. Þetta eru þau laun sem jafnað hefðu lífskjör í löndunum tveimur,²⁷ sem við getum nefnt jafngildislaun.

Mynd 8.1 sýnir raunveruleg laun innan VR, reiknuð jafngildislaun og nettóaðflutning til Danmerkur árin 1990-1998.

²⁷ Vegna kostnaðar við búferlaflutninga (þæði beinn kostnaður og óbeinn í formi nauðsynlegrar félagslegrar aðlögunar) þá er hér hugsanlega um eithvert ofmat að ræða.



Heimild: *Hagstofa Íslands og Gylfi Zoega og Haukur C. Benediktsson (1999)*

Mynd 8.1 Samanburður á meðallaunum VR-fólks, nauðsynlegum launum og búferlaflutningum milli Íslands og Danmerkur

Sambandið á milli þessara þriggja breyta er skýrt; þegar meðallaunin eru lægri en jafngildislaun er brottflutningur Íslendinga til Danmerku meiri en aðflutningur þeirra til landsins. Eins sést að því stærra sem bilið er milli meðallauna og jafngildislaunum, því fleiri Íslendingar flytja frá landinu til Danmerkur umfram þá sem snúa til baka.

Myndin sýnir að árið 1991 voru lífskjör betri hér á landi en í Danmörku en versnuðu síðan stöðugt fram til ársins 1995. Brottflutningur fólks jókst á sama tímabili. Síðan 1995 hefur stöðugt dregið á milli og eru lífskjör nú svipuð því sem gerist í Danmörku. Myndinni svipar því til myndar 6.2 hér að framan.

9. Lokaorð

Algengasti mælikvarði á lífskjör þjóða er verg landsframleiðsla (VLF) á mann. Samanburður á VLF á mann milli Íslands og Danmerkur leiðir í ljós að VLF á mann hefur verið hærri hér á landi en í Danmörku undansfarin ár. Hins vegar er VLF á vinnustund lægri hér á landi en í Danmörku, sem gefur til kynna að Íslendingar þurfa að vinna meira til að afla sömu tekna og Danir. Einkaneysla Íslendinga er meiri en Dana en hins vegar skuldsetjum við okkur meira, sem getur að einhverju leyti skyrt muninn á einkaneyslu milli landanna. Íslendingar verða langlífari en Danir og ungbarnadauði er fátíðari hér á landi en í Danmörku. Hins vegar benda tölur til þess að Danir eigi meira af ýmsum heimilistækjum en Íslendingar.

Fyrirkomulag við kjarasamningsgerð í Danmörku er nokkuð frábrugðið því fyrirkomulagi sem tíðkast hér á landi. Mismunurinn liggur fyrst og fremst í ólíkum hefðum, en til grundvallar þeim liggja lög og reglur um samskipti aðila á vinnumarkaði. Í alþjóðlegum samanburði telst danska kjarasamningsmódelið fremur miðstýrt, en launamyndunin sjálf er mjög dreifstýrð. Svokallaðir lágmarkslaunasamningar hafa færst mjög í aukana á síðasta áratug. Í slíkum samningum er einungis kveðið á um lágmarkskjör og semur launamaður sjálfur við atvinnurekandan um einstaklingsbundin álög. Ýmis ákvæði eru í kjarasamningum sem skuldbinda atvinnurekendur til að leggja kerfisbundið mat til grundvallar ákvörðun einstaklingsbundinna áлага. Laun sem eru hærri en lágmarkslaun hækka ekki sjálfkrafa þegar samið er um hækkan lágmarkslauna í kjarasamningum.

Þróun kaupmáttar hefur verið sveiflukennd hér á landi síðastliðna tvo áratugi en kaupmáttur í Danmörku hefur aukist nokkuð stöðugt á sama tímabili. Frá árinu 1995 hefur aukning kaupmáttar hér á landi verið mun meiri en í Danmörku. Þessi kaupmáttaraukning kemur meðal annars fram í því að kaupmáttur ráðstöfunartekna félagsmanna VR sem eru á lágmarkslaunum hefur aukist um 7,4% frá árinu 1996 til 1999 miðað við að - kaupmáttur ráðstöfunartekna félagsmanna í Landssambandi danskra verslunarmana (HK) hefur aukist um 3,8% á sama tímabili.

Kaupmáttaraukningin hér á landi virðist líka koma fram þegar ráðstöfunartekjur starfsfólks í þjónustugreinum eru bornar saman milli Íslands og Danmerkur. Í flestum þeim greinum sem bornar eru saman eru ráðstöfunartekjurmar hærri hér á landi en í Danmörku. Hins vegar ber að geta þess að þegar dagvinnulaun fyrir frádráttarliði eru borin saman milli landanna snýr dæmið öðruvísí við.

Algengara er að bætur séu tekjutengdar og skattskyldar á Íslandi en í Danmörku. Þegar bótaupphæðir eru bornar saman milli landanna er ýmist hvort þær eru hærri hér

á landi eða í Danmörku. En dæmi sem tekið er af dæmigerðum hjónum í löndunum tveimur sem eiga tvö börn og greiða af húsnæðislánum sýnir að ráðstöfunartekjur íslensku hjónanna eru litlu hærri en þeirra dönsku, þó svo að mánaðartekjur dönsku hjónanna séu mun hærri. Rétt er að leggja áherslu á að skattbyrði er mjög mismunandi í löndunum og hærri tekjuskattur dregur meira úr kaupmætti ráðstöfunartekna í Danmörku. Í skýrslunni er einungis skoðuð áhrif millifærsluhluta velferðarkerfisins og ekki kannað sérstaklega hvort hærri skattgreiðslur skili sér til baka í ódýrari eða betri velferðarþjónustu, en það myndi aftur bæta stöðu danskra fjölskyldna.

Heimildaskrá

Arbejdsministeriet (1994). *The Danish Labour Market Model and Developments in the Labour Market Policy*. Kaupmannahöfn: Arbejdesministeriet.

Brüniche-Olsen, Paul (1998). *Arbejdsmarkedspolitik*. Handelshøjskolens forlag.

Danmarks Nationalbank (1999). *Finansiel Statistik*, September 1999.

Danmarks statistik (1999). *Statistisk tiårsoversigt*.

Danmarks statistik (1995). *Statistisk tiårsoversigt*.

Danmarks statistik (1999). *Launavísitala 1980-1999*.

Dansk Arbejdsgiverforening (1999). *Arbejdsmarkedsrapport 1999*, Tal og diagrammer.

Dansk Arbejdsgiverforening (1999). DA Lönstatistik 1998. Kaupmannahöfn: Dansk Arbejdsgiverforening

Dansk Arbejdsgiverforening (1998). *Arbejdsmarkedsrapport 1998*.

Edda Rós Karlsdóttir (1996). *Laun verslunar- og skrifstofufólks á Íslandi og í Danmörku*. Reykjavík, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur.

Eurostat (1998). *Labour Force Survey 1997*.

Forsikringsoplysningen (1999). *Sociale Ydeleser 1999*. Kaupmannahöfn: Forsikringsoplysningen.

Gauti B. Eggertsson et. al (1997). *Framleiðni innan atvinnugreina á Íslandi 1973-1994: Samanburður við Danmörku og Bandaríkin*. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, skýrsla nr. C97:09.

Gylfi Zoega og Haukur C. Benediktsson (1999). *Kjaravísítölur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur*. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, skýrsla nr. C99:??.

HK/Handel (1997). *Landsoverenskomst for butikker 1997: mellem Dansk Handel & Service (DH&S) og HK/Handel*. Kaupmannahöfn: HK/Handel.

HK/Handel (1997). *Landsoverenskomst for kontor og lager 1997: mellem Dansk Handel & Service (DH&S) og HK/Handel*. Kaupmannahöfn: HK/Handel.

HK: Kjarasamningur HK-industri í Danmörku milli CO industri og Dansk Industri fyrir verslunar-, skrifstofu-, tækni- og stjórnendastörf. Þýtt af Valdemar Pálssyni í október 1996.

Institute for Management Development (1999). *The World Competitiveness Yearbook 1999*. Lausanne, IMD.

Ingjaldur Hannibalsson og Jón Óskar Þorsteinsson (1999). *Framleiðni atvinnulífs á Íslandi*. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, skýrsla nr. C99:10.

Kjararannsóknarnefnd (1999). *Niðurstöður launakönnuna*. Fréttabréf nr. 115, maí 1999, 4. ársfjórðungur 1998. Reykjavík: Kjararannsóknarnefnd.

Kjararannsóknarnefnd (1999). *Tímaröð ASÍ-landverkafólks frá 1980*.

Landsorganisationen i Danmark (1999). *Beskæftigelse og fælles mønt*. Kaupmannahöfn.

Landssamband íslenzkra verzlunarmana (1999). *Erindi Per Tønnesen og Jørgen Hoppe á þingi LIV vorið 1999*. Birt á vefsíðu sambandsins livis.is.

Nordiska ministerrådet (1997). *Arbetsmarknad och arbetsmarknadspolitik i Norden 1996*. Kaupmannahöfn: Nordiska ministerrådet.

NOSOKO (1999). *Social tryghed i de nordiske lande 1997*. Kaupmannahöfn: Nordisk Socialstatistik Komite.

OECD (1998). *National Accounts 1984-1996*. Paris: OECD

Samtök iðnaðarins (1999). *Starfsskilyrði frumkvöðla á Íslandi*. Reykjavík: Samtök iðnaðarins.

Statistic Sweden (1999). *Statistics across borders*. CD-ROM. Stockholm, Statistic Sweden.

Tryggingastofnun ríkisins (1999). *Handbók Tryggingastofnunar ríkisins*. Reykjavík. Tryggingastofnun ríkisins.

Tryggvi Herbertsson, J. Michael Orszag og Peter R. Orszag (1999). *The Nordic Pension System: Issues and Policy Options*. Óbirt skýrsla.

Þjóðhagsstofnun (1998). *Sögulegt yfirlit hagtalna 1945-1997*. Reykjavík, Þjóðhagsstofnun.

Þjóðhagsstofnun (1995). *Skyrsla forsætisráðherra um laun og lífskjör á Íslandi, í Danmörku og víðar*. Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafapíngi 1995-96, skv. beiðni.

Þjónustuskýrslur Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands

- C90:01 Orkuverð á Íslandi
C91:01 Gengisstefna í opnu smáriki
C91:02 Efnahagssamvinna Evrópuþjóða og hagstjórni á Íslandi
C91:03 Kostnaður og tekjur þjóðfélagsins vegna áfengisneystu árin 1985-1989
C91:04 Fjármagnsmarkaður og hagstjórn
C91:05 Þjóðhagsleg hagkvæmni eflingar leikskóla og lengri skóladags í grunnskóla
C91:06 Ákvæðisvinna og hlutaskipti í opinberum rekstri
C91:07 Verðmyndun og þróun matvöruverðs á Íslandi
C92:01 Áætlun um sparnað á árinu 1992
C92:02 Framkvæmdir og verktakar
C92:03 Starfsmenntun og atvinnulífið
C92:04 Samanburður á heilbrigðisútgjöldum: Fyrri hluti
C92:05 Neytendur, GATT og verðlag landbúnaðaráfurða
C92:06 Hagkvæmni sameiningar stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
C92:07 Fiskveiðar: Verðmæti og afkoma
C92:08 Þjóðhagsleg arðsemi menntunar
C92:09 Þjóðhagslegur ávinnungur Hvalfjarðarganga
C92:10 Mat á þjóðhagslegum ábata almenningsvagna, framhaldskönnun
C92:11 Tekju- og gjaldaskipting í skráningum og skoðunum ökutækja
C92:12 Tjónabifreiðar
C93:01 Rekstur innlánsstofnana á Íslandi
C93:02 Tannlæknadeild og arðsemi tannlæknamenntunar
C93:03 Stuðningur íslenskra stjórnvalda við landbúnað
C93:04 Bókaútgáfa á Íslandi árin 1987-1992
C93:05 Tekju- og gjaldaskipting í skráningum og skoðunum ökutækja (II)
C93:06 Fiskvinnsla: Vinnslustöðvar, framleiðsla og útflutningur
C93:07 Er hagkvæmt að taka upp þrípróf fyrir þungaðar konur?
C93:08 Útgjöld íslenskra ferðamanna erlendis: Tímabilið október til desember árið 1992
C93:09 Spáíkan fyrir nokkrar mikilvægar þjóðhagsstærðir, til skamms tíma
C93:10 Verðnæmi eftirspurnar í innanlandsflugi: kostnaður, verðlagning og afkoma
C94:01 Staða bílgreinarinnar í íslensku efnahagslifi
C94:02 Sameining orkusýrtækja í Borgarfirði
C94:03 Keflavíkurflugvöllur: Tekjuöflunarleiðir og markaðssetning
C94:04 Ísland og Evrópusambandið
C95:01 Kostnaður vegna umferðarslysa 1993
C95:02 Bókaútgáfa á Íslandi árið 1993
C95:03 Investment Opportunities in the Baltic States
C95:04 Sex matarkörfur
C95:05 Forathugun vegna könnunar á flutningum eftir vegkerfinu
C95:06 Kostnaður við Lánasjóð íslenskra námsmanna og eiginfjárstaða sjóðsins um áramót 1994-1995
C95:07 Samanburður á niðurstöðum OECD skýrslu og skýrslu Hagfræðistofnunar H.I.
C95:08 Bókaútgáfa á Íslandi árið 1994
C95:09 Framrekningur heilbrigðisútgjalda
C96:01 Könnun á flutningum eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla nr. 1
C96:02 Greining arðsemi vetrarbjónustu Vegagerðarinnar
C96:03 Kostnaður vegna umferðarslysa á Íslandi
C96:04 Nýjar aðferðir við áhættustjórnun í bankakerfinu: Tillögur um undirbúning og framkvæmd
C97:01 Staðsetning Reykjavíkurflugvallar
C97:02 Menntun, mannauður og framleiðni
C97:03 Forathugun á skipulagi samgöngumála
C97:04 Könnun á flutningum eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla nr. 2
C97:05 Bókaútgáfa á Íslandi árið 1995
C97:06 Veiðigjald og skattbyrði byggðarlaga
C97:07 Kynslóðareikningar fyrir Ísland
C97:08 Hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar
C97:09 Framleiðni innan atvinnugreina á Íslandi 1973-1994: Samanburður við Danmörku og Bandaríkin

- C98:01 Kónnun á flutningum eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla nr. 3
C98:02 Atvinnuáhrif vegna Reykjavíkurflugvallar
C98:03 Eftirspurn eftir innanlandsflugi
C98:04 Tölfraðilegar aðferðir við fasteignamat
C98:05 Fjármögnun Sundabräutar
C98:06 Framfærslukostnaður og lögheimilisflutningar íslenskra námsmanna
C98:07 Kostnaður vegna sjóslysa á Íslandi
C98:08 Samgöngulíkan fyrir Ísland: Upplýsingar um samgöngur á Íslandi
C98:09 Yfirlit yfir ritaðar heimildir um hagnýtingu náttúruauðlinda og gjaldtöku fyrir nýtingu þeirra
C98:10 Tölfraðileg greining á alvarlegum umferðarslysum á Íslandi 1970-1997
C98:11 Fjármögnunarleiðir heilbrigðispjónustu
C99:01 Samgöngulíkan fyrir Ísland: Forgangsröðun hafnarframkvæmda
C99:02 Áhrif kvótaeignar á verðmæti sjávarútvegsfyrirtækja
C99:03 Kónnun á flutningum eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla nr. 4
C99:04 Kostnaður vegna slysa á börnum á Íslandi
C99:05 Samgöngulíkan fyrir Ísland: Áfangaskýrsla nr. 1
C99:06 Implications of Responsible Post Harvesting Practices on Responsible Fishing
C99:07 Discarding Catch at Sea
C99:08 Samanburður á lifskjörum á Íslandi og í Dammörku
C99:09 Kjaravísítölur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, 1990-1999
C99:10 Framleiðni íslenskra atvinnuvega
C99:11 Þjónustugjöld í flug

Rannsóknarskýrlur Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands

- R93:01 Utvärdering av Vestnordefonden
R93:02 Framleiðni fyrirtækja
R94:01 Small National Markets in Transition: The Case of Iceland
R94:02 The Icelandic and the Faroese Economies: A Comparison of the Fishing Sectors
R94:03 Energy Demand in Iceland
R94:04 Input-Output Model for the Electricity Supply Industry in Iceland
R95:01 Trade Between Iceland and the Soviet Union 1953-1996: Rise and Fall of Barter Exchange
R96:01 Savings, Risk Diversification, and Economic Growth in Iceland
R97:01 Infrequent Trading and the Stock Index: A Kalman Filter Approach to Estimation
R97:02 Stúdentar af hugsjón?
R98:01 Vinnumarkaðurinn og EMU
R98:02 Um ávöxtun og núvirðingu
R98:03 Þjóðhagslíkan Hagfræðistofnunar: Áfangaskýrsla nr. 1
R99:01 Reassessing Iceland's Public Sector Pension Liabilities

Bækur

- B92:01 Peningar og gengi: Greinasafn um hagstjórn og peningamál á Íslandi, Guðmundur Magnússon
B95:01 Ísland og Evrópusambandið: Skýrslur fjögurra stofnana Háskóla Íslands
B97:01 Frjálsræði í efnahagsmálum: Ársskýrsla 1997
B99:01 Sources of Economic Growth, Tryggvi Þór Herbertsson
B99:02 Individual Transferable Quotas in Theory and Practice, Ragnar Árnason og Hannes Hólmsteinn Gissurarson (ritstj.)